



**SKOÐUN** Guðmundur Andri skrifar um þjóðsögur, Vestur-Íslendinga og trega. 13



**MENNING** Stórsveit Reykjavíkur frumflytur tónlist þriggja meðlima. 19



**LÍFIÐ** Harmonikkubræður tóku upp plötu með lögum Nýdönsk. 26



**SPORT** Hrafnhildur Skúladóttir lauk farsælum ferli með Íslandsmeistaratitli. 22



**Whirlpool**

PVOTTAVÉLAR

Heimilistæki ht.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

19. maí 2014  
116. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Mikill bogfimiáhugi

Börn og unglingar sýna bogfimi mikinn áhuga í kjölfar vinsælla kvikmynda á borð við The Hunger Games og Brave. 2

**Undir áhrifum jökuls** Nálægð Íslands við Grænlandsjökul mun að hluta hlífa Íslandi við hækun sjávarborðs í kjölfar loftslagsbreytinga. 6

**Lest á hafnarbakkanum** Stefnt er að því að hefja lestarferðir um gömlu höfnina í Reykjavík. 8

**Óttast aðra flóðbylgju** Mikill viðbúnaður er í Serbíu vegna ótta við frekari flóðbylgjur. Vatnsborð árinna Sava gæti farið hækkandi. 10

# Leiðréttingar húsnæðislána allar reiknaðar út í einu

Opnað var fyrir umsóknir um höfuðstólslækkun húsnæðislána í gær en ekki er hægt að sjá hversu mikil niðurfærsla hvers láns verður. Ekki verður opnað fyrir umsóknir um ráðstöfun séreignarsparnaðar fyrr en í lok maí.

**STJÓRN MÁL** Ríkisskattstjóri opnaði í gær fyrir umsóknir um höfuðstólsleiðréttingu verðtryggðra fasteignalána. Hægt er að sækja um á heimasíðunni leiðretting.is en umsóknir skulu vera rafrænar og berast í gegnum síðuna. Um 5.000 manns höfðu sótt um lækkunina á fyrstu tveimur klukkustundunum í gær eftir að síðan var opnað að sögn Tryggva Þórs Herbertssonar, verkefnisstjóra skuldaniðurfellingaráætlunar ríkisstjórnarinnar.

„Það er óhætt að segja að þetta hafi gengið mjög vel, um tíu prósent þeirra sem við bjuggumst við að myndu sækja um gerðu það á fyrstu tveimur tímum,“ segir Tryggvi.

Umsóknarfrestur er til og með

1. september 2014 og munu niðurstöður útreikninga liggja fyrir í haust að því tímabili loknu. Ekki mun hafa áhrif á meðferð og afgreiðslu umsókna hvenær á umsóknartímabilinu þær berast.

Á síðunni er aðeins hægt að senda inn umsóknir um leiðréttingu, en ekki er hægt að sjá hversu háa niðurfellingu lána umsækjendur fá í sinn hlut. Þá hefur ekki verið opnað fyrir umsóknir um ráðstöfun séreignarsparnaðar.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir að niðurstöðurnar verði birtar allar samtímis þegar búið verður að reikna þær út. „Nú er verið að framleiða hugbúnaðinn sem reiknar þetta út. Það er nokkuð algengur misskilningur

ad menn haldi að þeir geti séð strax hver skuldaleiðréttingin er en það fæst ekki séð fyrr en allir eru búnir að sækja um.“ Hann veit ekki hversu langan tíma það mun taka eftir að umsóknarfresturinn rennur út.

Skúli gerir ráð fyrir að opnað verði fyrir umsóknir um ráðstöfun séreignarsparnaðar í kringum 27. eða 28. maí. „Það er mun flóknara tæknilega séð og mun meiri vinna sem þarf frekari prófanir. Þá urðu breytingar á frumvarpinu sem taka þarf tillit til og við þurfum að minnsta kosti tvær helgar til að klára það,“ segir Skúli sem býst við miklu álagi á heimasíðuna. „Það hefur margoft komið fyrir að netþjónar hafa ekki staðist álag í

kringum skattskilin. Það verður að koma í ljós hvort þessi síða standist það,“ segir Skúli.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir þetta mikla gleðistund. „Þetta hafði langan aðdraganda og oft og tíðum var uppi umræða um að þetta yrði ekki hægt og þess vegna þeim mun skemmtilegra að sjá þetta gerast.“

Hann hafnar því að farið hafi verið of hratt af stað þar sem ekki er hægt að sækja um ráðstöfun á séreignarsparnaði strax. „Við sjáum á viðtökunum fyrstu klukkutímana að það hefur verið bæði eftirvænting og bið eftir þessu þannig að þetta er í rauninni allt samkvæmt áætlun,“ segir Sigmundur. -fbj



Bolungarvík	4°	☁	NNA 4
Akureyri	3°	☁	N 7
Egilsstaðir	4°	☁	NNV 8
Kirkjubæjarkl.	10°	☁	NNA 6
Reykjavík	8°	☁	N 8

**Bjart** sunnan- og vestanlands en skýjað að mestu fram eftir degi norðaustan til og lítilsháttar væta. Hiti 1 til 7 stig norðanlands en 7-12 stig sunnan til. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



**SVIFÐ UM Í SÓLINNI** Menn létu ekki blíðviðrið í gær fram hjá sér fara og þeystust um á svifdrekum á hafinu við Gróttu á Seltjarnarnesi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vestmannaeyjar eignast brátt langþráð safn um gosið í Heimaey árið 1973:

## Kom aftur heim eftir langa bið

**SAMFÉLAGSMÁL** Gerður Sigurðardóttir, fyrrum íbúi á Gerðisbraut 10 í Vestmannaeyjum, kom aftur á sitt gamla heimili á dögnum en húsið grófst undir ösku í Vestmannaeyjagösinu árið 1973.

„Það var tilfinningaþrungin stund að koma þangað aftur,“ segir Gerður en hún og maður hennar urðu að yfirgefa húsið, ásamt þremur ungum börnum sínum nóttina sem gosið varð.

Þau höfðu sjálf byggt húsið og lagt allt sitt sparifé til smíðinnar. Nú er búið að grafa húsið aftur upp og verður það hluti safnsins Eldheimar sem opnað verður á föstudag.

Þrátt fyrir að húsið hafi orðið hrauni að bráð er það enn mjög reisulegt. Í því verður ýmiss konar starfsemi tengd safninu, þar með taldir sýningarsalir fyrir listasýningar auk fundarsala og sýningar um eldgosíð í Heimaey. -ih / sjá síðu 4



**GERÐUR SIGURÐARDÓTTIR** Við gamla heimili sitt að Gerðisbraut 10.

MYND/ÓSKAR FRÍDRÍKSSON

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT



**Íbúfen®**

400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk



Actavis



LÉTT OG LAKTÓSAFRÍ

## SPURNING DAGSINS



Áslaug, verður ekki allt á hvolfi á Hvolsvelli í sumar?

„Þegar öllu er á botninn hvolft, verð ég búin að koma öllu í lag í lok sumars.“

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir laganemi hefur ráðið sig í sumarstarf hjá lögreglunni á Hvolsvelli í sumar.

## Undanþágunefnd hefur úrskurðað um undanþágur ef til neyðarástands kemur á hjúkrunarheimilum: Sjúkraliðar komnir í verkfall í sólarhring

**KJARAMÁL** Sjúkraliðar hófu sólarhringslangt verkfall á miðnætti á sunnudag en lítið hefur þókast í kjaradeilu þeirra við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Fundi sjúkraliða var slitið hjá Ríkissáttasemjara um kvöldmatarleytið í gær. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, segir að fundað verði áfram klukkan þrjú í dag. „Það hefur ekkert gengið. Það eru ýmis útfærsluatriði sem strandar á og ekkert hefur verið rætt um launa-

liðinn svo það er töluvert í land.“

Hún segir að kröfur sjúkraliða snúi meðal annars að því að fá sömu hækkun og þeir sjúkraliðar sem starfa hjá ríkinu fengu með jafnlaunaáttakinu á síðasta ári. „Á sínum tíma kom 4,8 prósent hækkun með jafnlaunaáttakinu sem þarf að leiðrétta hjá okkur afturvirk. Svo viljum við auðvitað 2,8 prósent hækkun eins og aðrir. Það er þetta með afturvirkni sem er erfiðast.“ Hún segir að skjólstæðingar sjúkraliða sýni verkfallinu mikinn

skilning, „Það er háalvarlegt að það endi í þessu verkfalli en svona er þetta.“

Fari svo að ekki verði samið munu sjúkraliðar fara í ótímabundið verkfall á fimmtudaginn kemur. Brugðist verður við með undanþágum frá verkfalli ef til neyðarástands kemur á einhverjum starfsstöðvum.

- ssb

**KRISTÍN Á. GUÐMUNDSDÓTTIR** formaður Sjúkraliðafélags Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**BAKHJARL** Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ, afhendir Ara Edwald forstjóra 365 miðla rísaálf en 365 er einn bakhjarla álfasöluunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Álfasalan hjá SÁÁ var í góðu meðallagi þetta árið:

## Stærsta einstaka fjáröflun SÁÁ

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við erum mjög ánægð með viðtökurnar og þakklát fyrir stuðninginn,“ segir Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ, Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, en fjáröflun samtakanna með sölu álfins lauk í síðustu viku.

Um 1.200 manns unnu við sölustarfið um land allt og Arnþór segir um að ræða stærstu einstöku fjáröflunina sem SÁÁ fer í á ári hverju.

„Þetta skiptir rosalega miklu máli fyrir okkur þar sem stór hluti af starfsemi hjá okkur er rekinn með söfnunum og sjálfsaflafé, eins og til dæmis barnahjálpin, sem er sálfræðipjónusta fyrir börn sem hafa þurft að alast upp í návígi við alkóhólisma.“ Hann segir hið opinbera því miður ekki hafa viljað taka þátt í því verkefni með SÁÁ. „Svo við seljum bara álfna og borgum þetta sjálf með stuðningi fólksins í landinu,“ segir Arnþór.

- fbj

Flugfreyjur í yfirvinnubanni:

## Engin röskun vegna aðgerða

**KJARAMÁL** Engin röskun hefur orðið á flugi Icelandair vegna yfirvinnubanns flugfreyja sem hófst í gærmorgun.

Flugfreyjur hafa fundað með fulltrúum Icelandair hjá Ríkissáttasemjara en verkfallið beinist einungis að því flugfélagi.

Fyrsta vinnustöðvun flugfreyja er áætluð 27. maí næstkomandi á milli sex að morgni og til miðnættis. Heimildir Fréttablaðsins herma að ekki beri mikið á milli deiluaðila og að kröfur flugfreyja séu hófstilltar.

- ssb

Grunnskólakennarar semja:

## Vilja klára fyrir miðvikudag

**KJARAMÁL** Samningaviðræðum grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga miðar vel áfram segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.

„Það er bara allt undir og við vinnum hörðum höndum að því að klára fyrir miðvikudag,“ segir Ólafur. Næsta vinnustöðvun er áætluð miðvikudaginn 21. maí næstkomandi. Kennarar funduðu hjá Ríkissáttasemjara alla helgina frá morgni til kvölds og halda áfram nú í morgunsárið. Tæplega 4.300 kennarar leggja niður störf ef til vinnustöðvun kemur.

- sss

# Vilja læra bogfimi til að líkjast bíóhetjum

Börn og unglingar sýna bogfimi mikinn áhuga í kjölfar vinsælla kvikmynda þar sem söguhetjurnar fara með boga. Hjá ÍSÍ hafa iðkendatölur tugfaldast á tveimur árum. Börn og fullorðnir horfa til mótahalds á erlendri grund.

**ÍPRÓTTIR** Börn og unglingar hafa hópast á bogfiminámskeið í vetur undir miklum áhrifum af kvikmynda- og teiknimyndahetjum dagsins í dag. Áhugi fullorðinna á íþróttinni hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum með tilkomu bættrar aðstöðu til bogfimiíðkunar.

Guðmundur Örn Guðjónsson, formaður Bogfimifélagsins Bogans, segir að barna- og unglingastarf félagsins standi í miklum blóma um þessar mundir, og greinilegt að kvikmyndir eins og Hunger Games og Hringadróttinssaga, auk teiknimyndarinnar Brave, hafi haft mikil áhrif þar á.

„Þetta byggir þó ekki aðeins á þessum nýju hetjum kvikmyndanna. Hetjur með boga eru ekki nýjar af nálinni og má minna á Hróa hött og jafnvel hetjur Íslendingasagnanna. Þetta hefur alltaf verið til,“ segir Guðmundur og bætir við að mikil vakning sé á meðal ungra kvenna í Bandaríkjunum eftir að hinar vinsælu myndir Hunger Games komu út.

Þrátt fyrir að áhugi á bogfimi hafi alltaf verið fyrir hendi hefur aðstaða til bogfimiíðkunar ekki verið til staðar í samræmi við áhugann. Nú er þetta gjörbreytt með tilkomu bættrar aðstöðu víða um land.

Iðkendatölur Íþróttasambands Íslands eru einn vitnisburður aukins áhuga á síðustu árum. Árið 2012 voru skráðir iðkendur tju. Núna losar iðkendaskráin 350 manns, en tekið skal fram að skilyrði til að skrá sig í bogfimifélag er að hafa lokið sérstöku byrjendanámskeiði sem kennir undir-



**Í SIGTINU** Áhugi hefur snaraukið á bogfimi á meðal yngri kynslóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

stöðu- og öryggisatriði er varða þessa gömlu íþrótt.

Hjá Boganum, sem hefur aðstöðu í Bogfimisetrinu í Kópavogi, eru börn og unglingar sem stunduðu æfingar í vetur rúmlega sextíu, en það segir aðeins hálfu sögunu. Miklum mun fleiri koma og kynna sér bogfimi í eitt eða fleiri skipti, og segir Guðmundur þann hóp nokkur þúsund manns á öllum aldri.

Vakninguna má til dæmis sjá af því að bogfimi er nú stunduð í sex félögum á landinu að því er næst verður komist; í Reykjavík, Kópavogi, á Akureyri, Laugum, Sauðárkróki, Egilsstöðum og Eski-

**350** Iðkendur eru 350 á skrá hjá ÍSÍ en voru 10 árið 2012

firði. Þá eru minni hópar ótaldir og hugmyndir að stofnun félaga annars staðar á landinu.

Í vetur fór lið frá Íslandi í fyrsta skipti og keppti á heimsmeistaramóti; reyndar á móti erlendis yfir höfuð.

„Fram undan er mót í Marokkó þar sem við ætlum að taka nokkra krakka með okkur til að leyfa þeim að spreya sig,“ segir Guðmundur.

svavar@frettabladid.is

Kringlunni  
Sími 568 7777  
heyrnarstodin.is

**HEYRNARSTÖÐIN**

Lögreglan hefur til rannsóknar kynferðisbrot gegn konu um tvítugt:

## Vitni stíga fram vegna nauðgunar

**LÖGREGLUMÁL** Nokkur vitni, teljandi á fingrum annarrar handar, hafa stígið fram og boðist til að varpa ljósi á aðdraganda nauðgunarmáls sem lögreglan hefur nú til rannsóknar.

Lögreglan hefur nú þegar skoðað eftirlitsmyndavélakerfi skemmtistaðanna English Pub í Austurstræti og B5 í Bankastræti í tengslum við rannsókn málsins.

Um klukkan 5 að morgni laugardags leit aði stúlka um tvítugt sér aðstoðar í heimahúsi á Langholtsvegi en hún hafði þá reynt að vekja athygli á sér í nokkrum húsum á Hólsvegi líka. Hún greindi frá því að sér hefði verið nauðgað og var í kjölfarið farið með hana til aðhlyningar á neyðarmóttöku Landspítalans. Stúlkan hafði fyrr um nóttina verið á áðurnefndum skemmtistöðum.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, staðfestir að rannsókn hafi staðið yfir alla helgina, „Rannsókn er á byrjunarstigi en það er búið að vinna mikið í þessu. Það er lítið hægt að segja um framvinduna að öðru leyti. Nú er verið að vinna úr ábendingum.“

- sss



**FRIÐRIK SMÁRI BJÖRGVINSSON** yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# LEIÐRÉTTINGIN



## Opnað hefur verið fyrir umsóknir um höfuðstólsleiðréttingu húsnæðislána

- Umsóknir skulu vera rafrænar og berast í gegnum vefsíðuna [leidretting.is](http://leidretting.is).
- Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2014 og munu niðurstöður liggja fyrir í haust.
- Ekki hefur áhrif á meðferð og afgreiðslu umsókna hvenær á umsóknartímabilinu þær berast.
- Aðstoð við umsóknir er veitt í síma 442-1900 milli kl. 09:30 og 15:30 alla virka daga. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið [adstod@leidretting.is](mailto:adstod@leidretting.is).

**Niðurstöður útreikninga munu liggja fyrir að umsóknartímabili loknu.**



RÍKISSKATTSTJÓRI



[adstod@leidretting.is](mailto:adstod@leidretting.is)

442 1900

Þjónustuver 9:30-15:30

[leidretting.is](http://leidretting.is)

SVONA ERUM VIÐ



**9 hjólabrettapallar eru í Reykjavík samkvæmt korti íþrótt- og tómsundaráðs.** Á sama korti má sjá að 13 þúttvellir eru í borginni.

# Alþingi samþykkti breytingar á útlendingalögum á síðasta starfsdegi sínum fyrir hlé á föstudaginn: Biðtími hælisleitenda á Íslandi stytur

**ALÞINGI** Breytingar á lögum um útlendinga voru samþykktar á Alþingi á síðasta starfsdegi þess fyrir hlé. Meðal breytinga er að almenn kæruleið vegna ákvarðana um útlendingamál verður færð til óháðrar úrskurðarnefndar. Þá voru innleiddar fleiri breytingar sem munu að sögn gera stjórn-sýsluna skilvirkari, tryggja enn frekar mannréttindi hælisleitenda og stytta málsmeðferðartíma.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að markmiðið með skipan kæruneftndar sé að mæta gagnrýni varðandi það að innanríkisráðuneytið skuli endurskoða ákvarðanir Útlendingastofnunar þar sem ráðuneytið geti ekki talist óháður og óhlutrægur aðili. Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra sagði að eitt meginmarkmiðið með breytingunum væri að stytta tímann sem hælisleitendur þurfa að bíða eftir niðurstöðu í málum sínum.

Helga Vala Helgadóttir lögmaður, sem hefur komið mikið að málefnum hælisleitenda, segist fagna því að taka eigi endurskoðun ákvarðana Útlendingastofnunar út úr innanríkisráðuneytinu. Hún segir hins vegar margt annað sem þurfi að endurskoða í þessum málum. „Það verður til dæmis að laga atvinnuleyfi útlendinga, þeir sem geta fengið vinnu hér á landi verða að fá að vinna,“ segir Helga Vala.



**BREYTINGAR** Innanríkisráðherra telur mikilvægt að mannréttindasamtök eigi aðild að kæruneftndinni.



**LÍBÍA** Skæruliðar réðust inn í þinghúsið í Líbíu í gær. Níu slösuðust í árásinni.

## Ráðist á íslamska þingmenn: Ráðist á þinghúsið í Trípólí

**LÍBÍA, AP** Skæruliðar í Líbíu réðust inn í þinghúsið í Trípólí í gær og eru sagðir hafa rænt tuttugu þingmönnum og starfsmönnum þingsins.

Hópurinn sem rændi mönnum segist vera undir stjórn hershöfðingja að nafni Khalifa Hifter en skothríð braust út í kjölfar árásinnar og stóð yfir fram á nótt.

Níu slösuðust í árásinni og einn lét lífið en um sjötíu manns létust í bardaga á föstudag í atlögu herafila Hifters gegn íslamstrúðum skæruliðum. Árásinni í gær var beint að þingmönnum sem Hifter og hans menn segja hafa leyft öfgatrúarmönnum að halda landinu í gíslingu.

## Mikill kynjahalli til staðar: 67% oddvita eru karlkyns

**STJÓRN MÁL** Í nítján sveitarfélögum af 74 skipa karlar öll oddvitasæti á framboðslistum fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Það er fréttastofa RÚV sem greinir frá þessari skekkju. Karlar eru 67 prósent oddvita á öllum framboðslistum landsins og konur þar með einungis þriðjungur oddvita.

Fæstar konur skipa efstu sætin á framboðslistum á Suðurlandi, eða 26 prósent. Flestar eru konurnar á Vesturlandi eða 47 prósent. Framboðslistar eru 184 talsins.

# Erfitt að koma aftur á sitt gamla heimili

Hús sem grófst undir ösku í eldgosinu í Heimaey árið 1973 verður miðpunktur Eldheima, nýs safns í Vestmannaeyjum. Gerður Sigurðardóttir, bjó í húsinu þegar gosið hófst. Hún segir það hafa verið erfiða upplifun að koma aftur í húsið.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Það var tilfinningaþrungin stund að koma þangað aftur, 38 árum síðar. Þetta var húsið sem við hjónin vorum búin að byggja og leggja alla okkar peninga í og við þurftum að yfirgefa svo skyndilega. Við áttum ekki krónu eftir eldgosinu. En þetta eru dauðir hlutir og það var hægt að eignast þetta allt aftur.“ segir Gerður Sigríðardóttir, fyrrverandi íbúi á Gerðisbraut 10, sem verður miðpunktur safnsins Eldheima.

Opunarvígsla safnsins verður í Vestmannaeyjum á föstudaginn. Safnið er byggt yfir Gerðisbraut 10 sem grófst undir þykku öskulagi í eldgosinu.

Gerður Sigurðardóttir bjó á Gerðisbraut 10 ásamt Guðna Ólafssyni skipstjóra og þremur ungum börnum þegar gosið hófst aðfaranótt 23. janúar 1973.

Hún segist hafa fundið snarpan jarðskjálfta kvöldið áður en gosið hófst. „Það voru miklar drunur og læti, líkt og stór vörubíll væri að keyra fram hjá. Ég vissi það ekki fyrr en síðar að þarna var kvikan að leita sér að útgönguleið og hefði allt eins getað komið upp í gegnum stofugölfíð.“

Hún segist hafa orðið vitni að því þegar jörðin sprakk og eldsúlurnar gusu upp en húsið er fjögur hundruð metrum frá upptökum eldgosins. „Þetta var náttúran í sinni mögnuðustu mynd, bæði flott og ógnvekjandi.“ Fjölskyldan þurfti að yfirgefa húsið á náttfötunum eftir að gosið hófst.

Í kjölfar eldgossins flutti fjölskyldan upp á land í tvö ár, þangað til Ólafur Helgason,



**GERÐUR SIGRÍÐARDÓTTIR** Gerður stendur yfir ofan gamla húsið sitt að Gerðisbraut 10 sem núna er orðið hluti af safninu Eldheimum sem opnar á föstudag.

þáverandi bankastjóri Útveggsbankans, styrkti fjölskylduna og fleiri útgerðarmenn til endurbyggingar Vestmanneyja í von um að koma útgerð aftur af stað í bænum.

Gerður segir safnið mikilvægt framtak því eldgosinu sé að gleymast hjá yngri kynslóðum.

Hún segir húsið mjög reisulegt og rúmi ýmsa starfsemi. „Þarna verður sýning um eldgosinu auk fundarsala, sýningarsals fyrir listasýningar og mögulega kaffihús í framtíðinni.“

Eftir opunarvígsluna á föstudaginn verður safnið opið almenningi.



**Í SJÓNVARPSSÓFANUM** Gerður í gamla sjónvarpssófanum sínum.



**ÆRIN VERKEFNI FRAM UNÐAN** Bergvin hefur getið sér gott orð sem uppistandari þar sem hann kallar sig Begga blindi.

## Kosning í Blindrafélaginu: Bergvin kjörinn nýr formaður

**FÉLAGSMÁL** Bergvin Jónsson er nýr formaður félagsins en stjórnarkjör fór fram á aðalfundi á laugardag. Kjörð var ævispennandi en Bergvin sigraði mótframbjóðanda sinn, Rósu Maríu Hjörvar, með einu atkvæði. Rúmlega 130 manns greiddu atkvæði í kosningunni sem er met. Alls eru rúmlega 600 félagsmenn í Blindrafélaginu.


Bergvin segist munu leggja mesta áherslu á ferðaþjónustu blindra en hann segir málefnið í ólestri hjá mörgum sveitarfélögum. „Þá vil ég koma á fót aðstandendafélagi fyrir blindi og sjónskerta auk þess sem ég vil hlúa vel að unga fólkinu en það tengist fyrst og fremst menntunarmálum,“ segir Bergvin.

Þjóðaratkvæðagreiðsla í Sviss:

## Höfnuðu lágmarkslaunum

**SVISS, AP** Svisslendingar synjuðu breytingum á lágmarkslaunum í þjóðaratkvæðagreiðslu í gær. Meira en þrjár fjórðu þeirra sem kusu höfnuðu tillögu verkalýðsfélaga en hefði hún verið samþykkt hefðu Svisslendingar haft hæstu lágmarkslaun heims. Johann Schneider-Ammann fagnaði niðurstöðunni og sagði að lágmarkslaunin hefðu leitt til atvinnumissis hefði tillagan verið samþykkt. Einnig var kosið um breytingar á svissneska flughernum þar sem því var hafnað að útvega honum 22 nýjar orustubotur.

## Veðurspá



**BJARTIR DAGAR** eru fram undan, mögulega til fimmtudags. Kalt verður norðanlands í dag en hitastigið hækkar heldur norðan og austan til á morgun. Vindur verður fremur hægur víðast hvar en þó strekkingur allra austast í dag og á morgun.

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 23°	Friedrichshafen 24°	New York 21°
Apéna 22°	Gautaborg 18°	Orlando 30°
Basel 19°	Kaupmannahöfn 18°	Ósló 22°
Berlín 20°	Las Palmas 22°	París 24°
Billund 18°	London 23°	San Francisco 17°
Frankfurt 23°	Mallorca 22°	Stokkhólmur 17°

**Á MORGUN**  
Strekkingur allra austast annars hægur vindur.

**MÍÐVIKUDAGUR**  
Hæg breytileg átt.

**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**GERÐU VERÐSAMANBURÐ**

# heitir pottar

Við hjá NormX höfum framléitt heita potta í yfir 30 ár fyrir íslenskar aðstæður. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

**NORMX**

Auðbrekkur 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

# BÍÐUR NÝR FRAMI EFTIR ÞÉR?

Exchange

Windows Server 2012

## Námskynning og ráðgjöf fimmtudaginn 22. maí kl. 17.00

### PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550  
promennt@promennt.is • promennt.is

www.promennt.is

# FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

Stígðu þín fyrstu skref í tækniheiminum! Geysilega öflug námsbraut í kerfisstjórnun, aðeins í boði hjá Promennt.

Framabraut – Kerfisstjórnun er unnin í samstarfi við Microsoft og var námsbrautin sett upp í samvinnu við mörg af stærstu upplýsingatæknifyrirtækjum á Íslandi með þarfir þeirra í huga.

### ▶ AF HVERJU FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN?

Mikil eftirspurn er eftir fólki með sérfræðimenntun og sérfræðipækkingu í upplýsingatækni um þessar mundir og leita íslensk fyrirtæki í sívaxandi mæli eftir starfsfólki í nemendahópi Promennt. Til þess að gera fólki kleift að kynna þessum spennandi markaði bjóðum við upp á geysilega öfluga tveggja anna námsbraut í kerfisstjórnun sem samanstendur af 7 námseiningum (alls 520 kennslustundir). Með þessu námi er hægt að byrja alveg á byrjuninni og byggja upp góða undirstöðu og grunn fyrir mjög kröfuharðar námseiningar sem á eftir koma. Að loknu námi á Framabraut – Kerfisstjórnun eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er sérlega mikilvægt að hafa í farteskinu þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum.

### ▶ FYRIR HVERJA?

Um er að ræða mjög gagnlega og áhugaverða námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að ná frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. Námið er því upplagt fyrir byrjendur í upplýsingatækni þar sem hvorki er krafist reynslu né annarrar menntunar á sviði upplýsingatækni.

### ▶ FJÁRMÖGNUN

Ýmsar leiðir eru í boði til fjármögnunar á námsbrautinni (m.a. raðgreiðslur, styrkir frá stéttarfélögum, styrkir fyrir atvinnuleitendur o.fl.). Við hvetjum alla sem hafa áhuga að hafa samband við okkur og við aðstoðum hvern fyrir sig við að finna bestu fjármögnunarleiðina.

”Þessi námsbraut lítur virkilega vel út. Hún tekur á nær öllum þáttum daglegs starfs kerfisstjóra hjá miðlungsstóru fyrirtæki og upp úr. Ég man ekki eftir að hafa séð svona heilstætt og markvisst kerfisstjórnun námið áður. Þetta nám er hvern krónu virði fyrir þá sem vilja verða góðir IT kerfisstjórnar og þeir sem taka prófin eru komnir með menntun og hæfni sem er alþjóðlega viðurkennd.”

Bergþór Hauksson, Segment product owner in production hjá CCP og fyrrum forstöðumaður upplýsingatæknisviðs hjá Sjóvá.

Skráning fer fram á vefnum okkar, [www.promennt.is](http://www.promennt.is), og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

### ▶ VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

Undirbúningur: Námstækni með MindJet 12 std.

1. hluti: Tölvuviðgerðir A+ 50 std.

2. hluti: Network+ 50 std.

3. hluti: CCNA (Cisco Certified Network Associate) 126 std.

4. hluti: Virtualization 10 std.

5. hluti: MCSA (áður MCITP) 180 std.

6. hluti: Exchange 2013 50 std.

7. hluti: Verkefnadagar/lokaverkefni seinni annar 42 std.

Hefst: 1. sept. (síðdegishópur) og 2. sept. (kvöldhópur) 2014

Lýkur: 8. júní (síðdegishópur) 9. júní (kvöldhópur) 2015

Námskynning og ráðgjöf fimmtudaginn 22. maí kl. 17.00

Verð án prófa 799.000 kr.

Verð með 8 alþjóðlegum prófum: 999.000 kr.

”Þegar ég lauk náminu fékk ég strax vinnu. Námið var gífurlega skemmtilegt og krefjandi. Kennararnir eru allt toppfólk úr bransanum, gríðarlegir viskubrunnar og mjög gott að nálgast þá til að fá aðstoð.”  
Magnús Gylfi Hilmarsson,  
(Framabraut – Kerfisstjórnun, lauk námi vor 2013)



Gæðavottun  
fræðsluáðila



Promennt er eini  
Microsoft-vottaði  
skólinn á Íslandi



Hjá Promennt er  
einnig boðið upp á  
fjarkennslu í beinni



Hjá Promennt er  
boðið upp á dag-  
og kvöldnám

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða Norðurlandþjóð drekkur mest af afengi samkvæmt nýrri skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar?
2. Hvaða samtök hlutu Mannréttinda-verðlaun Reykjavíkurborgar á dögunum?
3. Hvaða lið varð Íslandsmeistari kvenna í handbolta um helgina?

SVÖR:

1. Finnar. 2. Geðhjálp. 3. Valur.

Grunaðir um aðild að mannskæðasta námuslysi í sögu Tyrklands. Yfir 300 manns fórust í slysinu sem varð í bænum Soma:

## Fjöldi manns handtekinn vegna námuslyss

**TYRKLAND** Lögreglan í Tyrklandi hefur handtekið 25 manns sem grunaðir eru um aðild að mannskæðasta námuslysi í sögu Tyrklands. Námuslysið átti sér stað í bænum Soma í vesturluta Tyrklands en 301 maður fórst í slysinu.

Ramazan Dogru, framkvæmdastjóri námufyrirtækisins Soma Holdings, er meðal þeirra sem handteknir voru, en fleiri aðilar í stjórn fyrirtækisins voru einnig handteknir, samkvæmt BBC. Yfirvöld hafa tilkynnt að allavega þrjú þeirra handteknur verði ákærðir fyrir morð.

Fjöldi fólks hefur gagnrýnt viðbrögð

stjórnvalda í kjölfar slyssins en margir telja þau hafa reynt að leiða hörmungarnar hjá sér. Þá hefur Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, verið gagnrýndur fyrir vanrækslu. Á dögunum birtust einnig myndir af aðstoðarmanni ráðherrans sparka í mótmælendum. Eigendur Soma Holding fullyrða að slysið hafi ekki átt sér stað sökum vanrækslu.

Alls voru 787 verkamenn við störf í námunni þegar sprengja sprakk í göngunum, eldur kviknaði í kjölfarið og eiturgas fyllti göngin.



**MIKIL SORG**  
Fólk biður fyrir þeim sem létust í þessu mannskæða slysi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MARGT UM MANNINN** Fjöldi fólks mætti þegar nýja frjálsþróttahúsið í Kaplakrika var vígt.

MYND/EVA BJÖRK

Nýtt frjálsþróttahús vígt:

## Íþróttastarf í Hafnarfirði eftt

**ÍPRÓTTIR** „Þetta er mikil lyftistöng fyrir frjálsþróttadeild FH og ekki bara fyrir hana heldur allt frjálsþróttafólk á landinu,“ sagði Gunnar Svavarsson, formaður byggingarnefndarinnar í Kaplakrika, þegar nýtt frjálsþróttahús var vígt í gær í Kaplakrika.

Um fimm hundruð manns mættu til vígslunnar og fóru allir gestirnir svokallaðan vígsluhring sem er 200 metra langur. Gunnar segir húsið henta fleiri greinum en frjálsum. „Húsið mun einnig þjónusta almenningsþróttastarf eldri borgara svo dæmi sé nefnd.“ Átta ár eru síðan verkefnið hófst og nam kostnaður um 720 milljónum króna.

- glp

## Ráðist á herstöð í Sýrlandi: Háttsettur hermaður drepinn

**SÝRLAND, AP** Yfirmaður sýrlenskra loftvarnamála lést í átökum í námunda við Damaskus höfuðborg Sýrlands á laugardag. Fleiri háttsettir yfirmenn í hernum hafa látist í borgarastríðinu sem geysað hefur í Sýrlandi síðustu þrjú ár.

Yfirmaðurinn, Hussein Ishaq, var einn sá hæst setti í sýrlenska hernum og lést eftir að uppreisnarmenn réðust á herstöð í bænum Mleiha en andlát hans er talið geta eftt þá sem berjast gegn ríkisstjórn Bashar Assad forseta landsins.

- fbj

**UMHVERFISMÁL** Rannsóknir benda til að hækkun sjávarborðs við Ísland vegna hlýnunar jarðar verði með allt öðrum hætti en víða annars staðar. Ástæðan er bráðnun jökla hér á landi og ekki síður bráðnun Grænlandsjökuls. Súrnun sjávar fyrir norðan Ísland er miklum mun meiri en víðast hvar.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í sjöttu landsskýrslu Íslands um loftslagsmál sem komin er út samkvæmt kröfu í Rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Í skýrslunni er ítarleg umfjöllun meðal annars um losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi, rannsóknir, aðgerðir og áætlanir landsins í loftslagsmálum.

„Þetta er alltaf að verða skýrara hvað okkur varðar í samhengi við loftslagsbreytingar,“ segir Halldór Björnsson, verkefnisstjóri loftslagsrannsókna á Veðurstofu Íslands, sem var á meðal þeirra sem lögðu fram efni við gerð skýrslunnar.

Landris vegna bráðnunar minna fargs bráðnandi jökulþekju er hvað markverðast að hans mati, og mun setja mark sitt á hækkun sjávarborðs hér við land á næstu áratugum. Nefnir hann að Höfn í Hornafirði stendur til dæmis 15 sentimetrum hærra en bærinn gerði árið 1997.

„Þar er landrisið sentimetri á ári, sem er ótrúleg tala. Tölur í sjávarfirborðshækkun sem eru nefndar eru tíu til tuttugu millimetrar á ári, sem þykir gríðarmikið. Tölurnar frá Höfn yrði farið með sem skekkju í mælingum ef gögn væru ekki eins góð og raun ber vitni,“ segir Halldór.

Fleira kemur til. „Við höfum séð það betur og betur undanfarin ár að nálægð okkar við Grænland mun að einhverju leyti hlífa okkur við hækkun sjávarborðs. Ef meðalhækkun verður 70 sentimetrar til einn metri, þá má gera ráð fyrir að hér verði það aðeins helmingur af því.“

Þessu veldur að við bráðnun Grænlandsjökuls breytir hann þyngdarsviðinu í kringum sig á þann hátt að sjávarborð fellur. „Fjöll toga til sín massa og Grænland er eiginlega fjall úr ís. Þegar ísfjallið hverfur þá hætta það að toga til sín massa sem þýðir að vatnið frá Grænlandi safnast saman fjær upptökum og sjávarborð nærst Grænlandi mun falla. Þetta mun hafa áhrif hér,“ segir Halldór.

Annað sem stingur í augun er súrnun sjávar, en fram kemur í skýrslunni að norðan við landið, við 68 breiddargráðu, mælist súrnun sjávar miklu meiri en á suðlægari breiddargráðum.

svavar@frettabladid.is



**RÍKI VATNAJÖKULS** Landris við Höfn í Hornafirði er gríðarlegt vegna bráðnunar Vatnajökuls.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Dregin upp dökk mynd af súrnun sjávar

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir að mjög dökk mynd sé dregin upp af súrnun sjávar hér við land og að hún tengist beint sívaxandi losun koltvísýrings út í andrúmsloftið. „Áhrif súrnunar sjávar eru ekki nægilega rannsökuð en þessi þróun er mikið áhyggjuefni. Ísland er eins og kanarífuglinn í kolanámunni,“ segir Árni.

Árni segir að eina leiðin til að koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar súrnunar, t.d. á kalkmyndandi dýrategundir eins og skelfisk, sé að „dregið verði hratt og örugglega úr losun koltvísýrings út í andrúmsloftið. Um það ber Íslandi að hafa forystu á alþjóðavettvangi og þá um leið láta af hvers kyns áformum um olíuvinnslu á Drekasvæðinu,“ segir Árni.

# SUMARGLEÐI

Allir sem kaupa fisk í dag, fá gefins rúgbrauð frá Fiskikónginum\*

Þetta kallar maður Sumargleði

Tilboðið gildir alla vikuna

**FISKIKÓNGURINN**  
SOGAVEGI 3  
SÍMI 587 7755

**FISKIKÓNGURINN**  
HÖFÐABAKKA 1  
v/Gullinbrú  
SÍMI 555 2800

\* Sé verslað fyrir 1.500 kr. eða meira

www.fiskikongurinn.is

Finndu Fiskikónginn á

Aðalfundur BSRB krefst þess að gengið verði frá kjarasamningum:

## Nota verkföll sem skiptimynt

**KJARAMÁL** Aðalfundur BSRB krefst þess að þegar verði gengið frá kjarasamningum við þau aðildarfélag bandalagsins sem hafa lausa samninga við stofnanir innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV). Þetta kemur fram í ályktun aðalfundar frá því á laugardag.

Aðalfundurinn krefst þess einnig að SFV komi með raunverulegan samningsvilja að samningaborðinu í stað þess að nota verkföll hjá stofnunum sínum sem skiptimynt í deilum sínum um fjárveitingar við stjórnvöld.

Þá var einnig samþykkt ályktun um skuldaleiðréttingar þar sem BSRB mótmælir því að ekki sé komið til móts við þá sem eru á leigumarkaði í nýsamþykktum skuldaleiðréttingum ríkisstjórnarinnar. Þessari mismunur er mótmælt og þess krafist að úr verði bætt.

Þá mótmælir aðalfundurinn auknum álögum á sjúklinga og varar við öllum aðgerðum sem miða að því að færa verkefni á sviði heilbrigðismála frá opinberum aðilum til einkaaðila. Aðalfundur BSRB krefst þess að stjórnvöld geri allt sem í þeirra valdi stendur



**KREFJAST BREYTINGA** BSRB samþykkti harðorðar ályktanir á aðalfundi sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

til að tryggja fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar, aðbúnað og kjör starfsfólks hennar og jafnframt lágmarka greiðsluþátttöku almennings svo heilbrigðisþjónustuna megi reka á samfélagslegum grunni til framtíðar.

- fbj

# HÖRKUTILBOÐ

**DEWALT**

- á heima hjá Sindri -

DCD790D2

## 18V KOLALAUS HLED SLUBORVÉL

Patróna: 13 mm  
Rafhlaða: 2\*2,0 Ah Li-Ion  
Hersla: 60 Nm  
Þyngd: 1,62 kg  
Gírar: 2  
Led ljós  
Bitasett DT71550 fylgir



Tilboðsverð  
**54.672** m/vsk.  
Verð áður 61.908

DCD990M2

## 18V KOLALAUS HLED SLUBORVÉL

Patróna: 13  
Rafhlaða: 2\*4,0 Ah Li-Ion  
Hersla: 80 Nm  
Þyngd: 2,08 kg  
Gírar: 3  
Led ljós  
Bitasett DT71550 fylgir



Tilboðsverð  
**80.455** m/vsk.  
Verð áður 103.470

DW088

## 2JA LÍNU LASER

Sá allra vinsælasti  
Virkar núna með móttakara  
Þyngd: 0,46kg  
3 x AA rafhlöður  
Veggfesting  
Nákvæmni: +/- 0,3mm/m



Tilboðsverð  
**34.081** m/vsk.  
Verð áður 59.900

DCS355N

## 18V FJÖLNOTA SÖG

Afl: 300W  
Rafhlaða: kemur án rafhlöðu  
Hraði: 0-20.000 OPM  
Þyngd: 1,06 kg  
Flýtilosun á blaði  
Lengd: 310mm



Tilboðsverð  
**36.888** m/vsk.  
Verð áður 44.054

DW770

## GEIRUNGSÖG

Afl: 1600W  
Snúningshraði: 6300 sn/min  
Bláð stærð: 216 mm  
Mesti halli: 48°  
Geirungur (hægri/vinstri): 50/50  
Taska fylgir



Tilboðsverð  
**60.754** m/vsk.  
Verð áður 69.900

DCF895N

## 18V HERSLUVÉL

Óflug 18V kolalaus herslúvél  
Bitahaldari: 1/4"  
Rafhlaða: 2\*4,0Ah  
Hersla: 165Nm  
Afl: 260W  
Þyngd: 1,57 kg  
LEDljós



Tilboðsverð  
**81.900** m/vsk.  
Rétt verð 89.997

DCK691M3

## 18V HLED SLUSETT MED 7 VÉLUM

DCD785 borvél  
DCF885 herslúvél  
DCS391 hjólsög  
DCG412 slípirokkur  
DCS331 stingsög  
DCL040 ljós  
3 stk. rafhlöður 4,0 Ah Li-Ion  
Útvarp fylgir DCR017

Tilboðsverð  
**225.000** m/vsk.  
Verð áður 245.495



DCK592M3

## 18V HLED SLUBORVÉL MED 6 VÉLUM

DCD985 borvél  
DCS391 hjólsög  
DCS380 sverðsög  
DCS331 stingsög  
DCL040 ljós  
3 stk. rafhlöður 4,0 Ah Li-Ion  
Útvarp fylgir DCR017

Tilboðsverð  
**199.612** m/vsk.  
Verð áður 236.177



www.sindri.is /  
Viðarhófa 6 - Reykjavík

sími 5 75 0000  
Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

**SINDRI**



**KOSIÐ Í FYRSTA SINN** Sveinn Kristinsson hefur verið formaður Rauða krossins á Akranesi í nífu ár. MYND/RAUÐI KROSSINN

## Sveinn Kristinsson kjörinn: Nýr formaður Rauða krossins

**SAMFÉLAGSMÁL** Sveinn Kristinsson var kjörinn formaður Rauða krossins á Íslandi á aðalfundi félagsins í dag. Er það í fyrsta sinn í sögu Rauða krossins á Íslandi sem kosið er um formann.

„Ég þakka það traust sem mér er sýnt,“ er haft eftir Sveini í tilkynningu og segist hann taka við embættinu með auðmýkt. „Ég mun vanda mig við að finna þær leiðir sem bestar eru til að bæta starf okkar og þar með líf þeirra sem nýta sér þjónustu okkar.“

Sveinn tekur við af Önnu Stefánsdóttur, sem lætur af formennsku eftir sex ár í embætti, en formaður getur ekki setið lengur en í átta ár samkvæmt lögum félagsins. -fbj

### LÖGREGLUMÁL

#### Meðvitundarlaus maður

Tilkynnt var um meðvitundarlausan mann á veitingahúsi í Hafnarfirði aðfaranótt sunnudags. Talið er að maðurinn hafi sprautað sig með ólyfjan og var hann fluttur á slysadeild til aðhlyningar.

# Fimmtíu farþega lest um Reykjavíkurbörn

Stefnt er að því að innan tíðar hefjist lestarferðir um gömlu höfnina í Reykjavík. Aka á frá Miðbakka að Grandagarði og stórauka með því aðsókn að sjómínjasafni og annarri þjónustu að sögn Eysteins Þ. Yngvasonar sem áður rak lestina í Viðey.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Stjórn Faxaflóahafna segist jákvæð gagnvart tilraunarekstri á fimmtíu manna farþegalest við gömlu höfnina í Reykjavík.

„Telja má mjög líklegt að lestin myndi skapa skemmtilega stemningu á svæðinu enda hentar hún fyrir alla aldurshópa. Jafnframt gæti hún stóraukið aðsókn að sjómínjasafninu Víkinni og ýmsum öðrum þjónustufyrirtækjum á Grandagarði,“ segir í leyfisumsókn Eysteins Þ. Yngvasonar.

Að sögn Eysteins keypti hann lestina á sínum tíma þegar hann var með Viðeyjarferjuna sem hann rak til ársins 2008. „Lestin fékk gríðarlega góðar viðtökur og aðsóknin í bátinn jókst stórum, sérstaklega frá fjölskyldum og eldra fólki sem átti erfitt með gang og fannst frábært að fá svona ferð um eyjuna. En ég var ekki búinn að nota lestina nema nokkrar helgar þegar þetta var boðið út og annar tók við ferjulestrinum svo ég tók lestina bara og setti í geymslu,“ segir Eysteinn.

Í umsókn Eysteins kemur fram að aka eigi nánast á gönguhraða um Suðurbugt, upp Ægisgarð, gegn um slíppsvæðið, niður Hlésgötu, út Rastargötu og stoppað við sjómínjasafnið.

„Ég er búinn að finna fína leið.



**LESTIN** Þjónaði um stutt skeið í Viðey og gengur kannski í endurnýjun lífdaga í landi. MYND/EYSTEINN Þ. YNGVASON

Við erum að fara að hittast, við hafnarstjóri, til að athuga hvort það séu einhver ljón í veginum fyrir því að hægt sé að koma þessu gang,“ segir Eysteinn sem kveðst munu geta hafið lestarferðirnar innan tveggja vikna frá því leyfi er veitt.

Gert er ráð fyrir að ekið verði á klukkustundar fresti frá Miðbakka að Grandagarði eða jafnvel oftast gefist það betur að sögn Eysteins.

„Þetta gæti verið skemmtileg viðbót á hafnarvæðinu. Fólk gæti tekið lestina út á Granda og gengið til baka eða bara farið báðar leiðir

„Við erum að fara að hittast, við hafnarstjóri, til að athuga hvort það séu einhver ljón í veginum.“

Eysteinn Þ. Yngvason, eigandi farþegalestar.

með apparatínu,“ segir lestarstjórinn tilvonandi sem er þessa dagana að leggja lokahönd á standsetningu lestarinnar og vonast til að hún verði farin að líða eftir hafnarbakkanum um næstu mánadamót.

gar@frettabladid.is



**Á ÆFINGU** Bandarískur hermaður á æfingu í Litháen. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Sýna táknrænan stuðning: Taka þátt í heræfingum

**LITHÁEN** Hundrað og fimmtíu bandarískir hermenn hafa tekið þátt í heræfingum í Litháen ásamt litháíska hernum.

Reuters greinir frá því að þetta séu aðeins æfingar en þær þykja táknrænar í ljósi þess óöryggis sem gripið hefur um sig meðal ríkja í Austur-Evrópu eftir að Rússar innlimuðu Krím-skaga. Fyrstu viðbrögð Bandaríkjamanna við hernaðaríhlutun Rússa í Úkraínu voru að senda 600 hermenn til þriggja baltneskra ríkja, Eistlands, Lettlands og Litháen og jafnframt til Póllands til að taka þátt í heræfingum til að styrkja nærveru NATO í Austur-Evrópu. Þrátt fyrir þetta hafa NATO-ríkin engin áform enn sem komið er um íhlutun í Úkraínu. -pb

### LÖGREGLUMÁL

#### Unglingar undir áhrifum

Afskipti voru höfð af tíu ungmennum í bílastæðahúsi við Laugaveg á laugardagskvöld. Ungmennin, sem eru á aldrinum 14 til 21 árs, eru grunuð um neyslu áfengis og fíkniefna. Forráðamenn yngstu ungmennanna komu á lögreglustöð og sóttu börnin sín.

## ÁRSFUNDUR LANDSVIRKJUNAR 2014

Silfurbergi, Hörpu  
Þriðjudaginn 20. maí kl. 15

# Verðmæti í vatnsafli

Ársfundur Landsvirkjunar verður haldinn í Silfurbergi, Hörpu þriðjudaginn 20. maí kl. 15–17. Þar kynnum við fjárhag og framtíðaráætlanir fyrirtækisins og leggjum mat á hvernig til hefur tekist.



- **Bjarni Benediktsson** fjármála- og efnahagsráðherra  
Ávarp
- **Jónas Þór Guðmundsson** stjórnarformaður  
Ávarp
- **Hörður Arnarson** forstjóri Landsvirkjunar  
Samkeppnishæfni – arðsemi – sátt
- **Óli Grétar Blöndal Sveinsson** framkvæmdastjóri þróunarsviðs  
Áskoranir og tækifæri í lokuðu vatnsaflskerfi
- **Rafnar Lárusson** framkvæmdastjóri fjármálasviðs  
Áhersla á lækkun skulda – rekstrarniðurstöður 2013

Fundarstjóri: Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar

Allir velkomnir  
Skráning á [www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is)





# AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

15.-21. maí 2014

- ~~1 FIMMTUDAGUR~~
- ~~2 FÖSTUDAGUR~~
- ~~3 LAUGARDAGUR~~
- ~~4 MÁNUDAGUR~~
- ~~5 ÞRIÐJUDAGUR~~
- ~~6 MIÐVIKUDAGUR~~

**Aðeins  
þessa viku!**



NÝKOMNIR

**6 AEG  
GÁMAR Á  
6 DÖGUM**

## AEG TILBOÐS DAGAR

**AEG** Um 800 AEG tæki í eldhús og þvottahús Íslendinga.

**AEG** Tilboð á AEG þvottavélum, þurrkurum og uppvottavélum – á völdum módelum.

**AEG** Úrval AEG kælikápa og frystiskápa – lítið við og skoðið.

**AEG** AEG smá raftæki og AEG ryksugur – **25% afsláttur.**

Sölumenn okkar eru í samningsstuði. Þið komið og ræðið við sölufólkið okkar, sem er í góðu skapi eins og alltaf, og sérstaklega fúst til að láta þig njóta besta verðs, bestu greiðsluskilmála, jafnvel vaxtalaust. Þú færð nútíma AEG tæki og hagnast á samningsstuðinu.

**AEG hjá ORMSSON síðan 1927**

# ORMSSON

Opið virka daga kl.10-18  
og laugardaga kl.11-15

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · [ORMSSON.IS](http://ORMSSON.IS)

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
PRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

KS  
SAUDÁRKRÓKI  
SÍMI 455 4500

SR · BYGG  
SIGLUFIRÐI  
SÍMI 467 1559

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
PAN-NESKAUPSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160

GEISLI  
VESTMANNÆYJUM  
SÍMI 481 3333

## Flokkurinn Venstre keypti fatnað á formanninn Lars Løkke Rasmussen: Segir fatakaup vera einkamál

**DANMÖRK** Formaður Venstre í Danmörku, Lars Løkke Rasmussen, vill ekki greina frá því hversu miklu hann hefur haldið af fatnaðinum sem flokkurinn keypti handa honum á árunum 2010 og 2011.

Á vef danska ríkisútvarpsins var haft eftir flokksformanninum að það sé einkamál hans hversu miklu hann verji í fatnað, pitsur og innkaup. Ekstra Bladet greindi frá því að flokkurinn hefði varið yfir 150 þúsundum danskra króna í fatnað á formanninn sem sam-

svarar rúmlega þremur milljónum íslenskra króna.

Framkvæmdastjóri Venstre, hefur greint frá því að flokkurinn hafi greitt fyrir fatnað handa formanninum í tengslum við kosningabaráttu og myndatökur. Allan fatnað sem Rasmussen hafi síðar tekið til eigin nota hafi hann sjálfur greitt fyrir. Þetta staðfestir formaðurinn sem kveðst hafa verið sendur í ákveðna herrafataverslun til fatakaupanna.

Áður hafði flokkurinn greitt 110



**LARS LØKKE RASMUSSEN** Kveðst hafa greitt fyrir þau fót sem hann hafi tekið til eigin nota.

NORDICPHOTOS/AFP

þúsund danskar krónur, rúmar tvær milljónir íslenskra króna, fyrir reykklefa formannsins í stjórnarráðinu.

- ibs

# Óttast aðra flóðbylgju

Mikill viðbúnaður er í Serbíu vegna ótta við frekari flóðbylgjur. Stærsta orkuver landsins er í hættu.

**BALKANSKAGI** Mikill viðbúnaður er í Serbíu þessa dagana vegna ótta við frekari flóðbylgjur. Veðurfræðingar þar í landi gera ráð fyrir því að vatnsborð einnar lengstu ár Serbíu, Sava, geti farið hækkandi og flætt yfir bakkana sökum mikillar úrkomu.

Flóðið gæti þar með ógnað stærsta orkuveri landsins, Nikola Tesla, sem stendur við bakka árinna. Orkuverið sér stórum hluta landsins fyrir rafmagni og gæti orðið gífurlegt tjón ef orkuverið yrði fyrir skemmdum.

Forsætisráðherra Serbíu, Aleksandar Vucic, segir að ríkisstjórn hans leggi áherslu á að vernda orkuverið, en hann hefur einnig kallað eftir aðstoð nágrannaríkjanna. Um helgina fór fram samstöðufundur á vegum Félagsamtaka Serba á Íslandi, í séra Friðrikskapelli, þar sem rætt var hvernig best væri að koma fólkinu til aðstoðar.

Flóðið á Balkanskaga hefur nú þegar kostað að minnsta kosti 35 manns lífið og þá hafa tugir þúsunda flúið heimili sín. Flóðið hefur þó ekki aðeins lagt Serbíu og Bosnía í rúst, Króatía hefur einnig fengið að kenna á hamförnunum. Yfirvöld í Serbíu og Bosnía segja úrhellið sem flóðunum veldur það mesta frá því að mælingar hófust.

gunnarleo@frettabladid.is



**ALLT Á FLOTI** Maður fyrir utan heimili sitt í þorpinu Veliki Crljeni, skammt frá Belgrad, höfuðborg Serbíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## SAMSTÖÐUFUNDUR HALDINN Á ÍSLANDI

„Það mættu margir á fundinn og hver og einn fékk verkefni að fundi loknum til að aðstoða,“ segir Jovana Pavlovic en hún mætti á samstöðufund á vegum Félagsamtaka Serba á Íslandi í séra Friðrikskapelli sem haldinn var um helgina. Um tuttugu manns mættu á fundinn og farið var yfir mögulegar aðgerðir til þess að aðstoða þær þúsundir manna sem hafa misst heimili sitt í Serbíu.

„Talað hefur verið við yfirvöld hér á landi og við höfum einnig sóst eftir aðstoð frá stórum fyrirtækjum eins og Actavis til þess að fá lyf, því það er mikið um vírusa úti sökum óhreinlætis,“ útskýrir Jovana.

Hún segist finna fyrir miklum stuðningi en á fyrsta degi höfðu safnast 630.000 krónur. „Við áttum ekki von á svona góðum stuðningi.“



**ÁSDÍS RAGNA EINARSDÓTTIR**  
grasalæknir.

Ásdís hefur um margra ára skeið bætt lífsgæði og heilsu fólks með lifrænum jurtum.

# HREINSUN ORKA VELLÍÐAN

## EINFÖLD OG ÁHRIFARÍK HREINSUN

**HREINSANDI JURTIÐ OG NÁTTÚRUEFNI**

Farið verður yfir toxisk efni í fæðu og umhverfi og áhrif þeirra á heilsu okkar.

Við kynnumst afeitrunarferli líkamans og lærum að þekkja einkenni sem kalla á hreinsun.

Hugmyndir að máltíðum yfir daginn og hreinsandi uppskriftir til að styðjast við.

mánudagur

**26. maí**

3.900 kr.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 800 8060 eða á [asd@grasalaeknir.is](mailto:asd@grasalaeknir.is)

**HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5, KL. 20.00 - 21.30**  
Verð 3.900 kr. Námsgögn og uppskriftir eru innifalín.



**ÁSDÍS GRASALÆKNIR**

SVARIÐ BYRIR Í NÁTTÚRUNNI



**Heilsuhúsið**  
1979

www.volkswagen.is



## Volkswagen Caddy Snjallari kynslóð atvinnubíla

Íslenskir atvinnurekendur vita að þegar þarf að kljást við misjafnar íslenskar aðstæður er þýskt hugvit snjallasti mótleikurinn. Það er því engin furða að Volkswagen Caddy hefur verið mest seldi atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár.

Nýjasta útfærslan af Caddy er sú snjallasta til þessa. Með snjallsímanum þínum getur þú til dæmis tíma- og fjarstýrt olíumiðstöðinni og tryggt þér hlýja og notalega byrjun á vinnudeginum. Þetta er bara einn af nýjum eiginleikum í Caddy, vinnuþjarkinum þýska, sem er nú snjallari en nokkru sinni fyrr.

Snjall-Caddy kostar aðeins frá  
**3.250.000 kr.**  
(2.589.641 kr. án vsk)

**VW SNJALL-BÍLL**

### Staðalbúnaður í Caddy

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 15" stálfelgur og heilkoppar
- Lokað skilrúm með glugga
- Fullkomin stöðugleikastýring og spólvörn
- Hæðarstillanlegt öikumannssæti
- Loftpúðar fyrir öikumann
- Útvarp með geislasplara
- Klukka
- Fullkomin aksturstölv
- Glasahaldari
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- Velti- og aðdráttarstýri
- Viðarklæðning í lofti og hliðum og gúmmidúkur á gólfi flutningsrýmis

### Aukabúnaður Snjall-Caddy

- Þráðlaust símkerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Stigalúga\*
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð með snjallsímabúnaði
- Sjúkrpúði
- Hraðastillir (Cruise Control)



Atvinnubílar

\*Ekki mögulegur aukabúnaður í Caddy Maxi

## Veita verðlaun fyrir jafnrétti: Skoða hlutfall kynja í stjórn

**SAMFÉLAGSMÁL** Hvatningarverðlaun jafnréttismála verða afhent í fyrsta sinn þann 27. maí. Það er atvinnuvega- og nýsköpunarráðgjafi, UN Women á Íslandi, Samtök atvinnulífsins og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð, sem standa að verðlaunum. Markmið verðlaunanna er að vekja athygli á fyrirtækjum sem hafa jafnréttismál að leiðarljósi. Verðlaunin eiga jafnframt að hvetja önnur fyrirtæki til að leggja áherslu á jafnréttismál.

- ssb

## Gervitunglataekni notuð í vöktun á yfirborði og umhverfi jarðarinnar: Safna átta terabætum daglega

**UMHVERFISMÁL** Landmælingar Íslands eru aðaltengiliður Íslands við Copernicus-áætlun Evrópusambandsins samkvæmt ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Ísland á aðild að áætluninni á grundvelli EES.

Frá því er greint í Kvarðanum, fréttabréfi Landmælinga, að áætlunin sé gríðarlega viðamikil og taki meðal annars til vöktunar á yfirborði og umhverfi jarðar með nýjustu gervitunglataekni.

„Með þátttöku í Copernicus fær Ísland aðgang að upplýsing-

um og þjónustu sem sýna stöðu og þróun hinna ýmsu umhverfisþátta, svo sem á sviðum sjávar, andrúmslofts, náttúruvár, landnotkunar og loftslagsbreytinga,“ segir í Kvarðanum.

Aðgangur fæst að öllum grunnögnum án gjaldtöku, en gert er ráð fyrir að um átta terabætum verði safnað á dag þegar kerfið verður komið í fulla notkun. „Og fyrir íslenskt samfélag hleypur verðmæti þessara gervitunglagagna á hundruðum milljóna.“

- óká



**GRÍMSVATNAGOS 2011** Copernicus-áætlunin er sögð eitt af stærri verkefnum ESB.

FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL ADALSTEINSSON

## Píratar senda opið bréf til DV: Vilja fá svör um kosningaprófið

**STJÓRNMÁL** Píratar í Hafnarfirði hafa bent á galla í kosningaprófi fjölmiðilsins DV.

Í opnu bréfi þeirra segir að þeir frambjóðendur sem hafa svarað spurningum prófsins oftast á þá leið að þeir vilji ekki svara virðast koma oftar upp í niðurstöðum prófsins en aðrir frambjóðendur.

Vilja Píratar fá svör við því hvernig niðurstöðurnar eru reiknaðar út og hvort DV sé tilbúið að gefa prófið út sem opin hugbúnað.

- ssb



**BIÐST AFSÖKUNAR** Norðurkóreskur embættismaður biður aðstandendur hinna látnu afsökunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sorg í Norður-Kóreu

## Fórust þegar blokk hrundi

**SUÐUR-KÓREA** Stórt íbúðarhús hrundi í Pjongjang, höfuðborg Norður-Kóreu, síðastliðinn þriðjudag og segja stjórnvöld þar í landi að fólk hafi látið lífið er húsið hrundi.

Fjöldi látinna hefur þó ekki verið gefinn upp en óvenjulegt þykir að stjórnvöld í Norður-Kóreu sendi frá sér yfirlýsingar um atburði á borð við þennan.

Húsið var á 23 hæðum og er talið að allt að 92 fjölskyldur hafi búið í húsinu, en það var enn í byggingu. Algengt er í Norður-Kóreu að fólk flytji inn í hús áður en byggingu þeirra er lokið.

- hva



**ÓMAR STEFÁNSSON** Leiddi tillögu um húsakaup.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Kaupa í Guðmundarlundi:

## Fræðslustarf í skógræktarhús

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að kaupa meirihluta í húsi sem Skógræktarfélag Kópavogs byggir í Guðmundarlundi. Auk þess á að setja tíu milljónir í frekari uppbyggingu. Í greinargerð bæjarfulltrúa er vísað til eins af fjórum kostum sem embættismenn bentu á, um að húsið verði notað sem fræðslumiðstöð líkt og upphaflegar hugmyndir hafi gert ráð fyrir og að skólabörn væru á meðal þeirra sem hefðu að því aðgang.

- gar

SIEMENS



# Siemens bakstursofninn með sjálfhreinsun (pyrolysis) er sannkallaður sigurvegari.

[www.sminor.is](http://www.sminor.is)

Bakstursofninn HB 63AB512S fékk hæstu einkunn í prófun TÆNK á ofnum með sjálfhreinsun (pyrolysis).



**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)

Siemens. Framtíðin flyst inn.

Hvers vegna eiga konur rétt á meiri athygli?

## Bækur og bíó, typpi og brjóst

Jane Campion kvikmyndaleikstjóri, eina konan sem hlotið hefur gullpálmann á kvikmyndahátíðinni í Cannes og núverandi forseti dómnefndar hátíðarinnar, gerði hlut kvenna í kvikmyndaiðnaðinum að umtalsefni á blaðamannafundi eftir setningu kvikmyndahátíðarinnar. Hún benti á að þrátt fyrir að nú væri dómnefndin í fyrsta sinn skipuð fleiri konum en körlum endurspegladi það engan veginn kynjahlutföllin í kvikmyndaiðnaðinum og að einungis sjö prósentum af þeim 1.800 kvikmyndum sem lagðar hefðu verið fram til hátíðarinnar væri leikstýrt af konum. Hún komst að þeirri niðurstöðu að þessi hlutföll væru „ólýðræðisleg“: „Aftur og aftur finna konur fyrir því að fá ekki sinn réttmæta skerf af kynningunni,“ sagði hún. Þessi ummæli eru dálítið undarleg í ljósi þess að af


þessum sjö prósentum framlaga eru tvær myndir sem leikstýrt er af konum meðal þeirra átján mynda sem keppa um gullpálmann. Það þarf nokkuð flókna reikningskúntir til að fá þá útkomu að það sé óréttmætur skerfur. Mun eðlilegri niðurstaða úr dæminu er að í þessu tilfalli fái konur töluvert stærri skerf en framlag þeirra gefur tilefni til.

Þessar umkvartanir kvenna í menningarframleiðslu eru ekki einskorðaðar við kvikmyndaiðnaðinn. Hérlandis blossom reglulega upp umræða um að konum sem skrifa bækur og stjórna kvikmyndum sé ekki veitt sama athygli og körlunum. Í viðtali í helgarblaði Fréttablaðsins á laugardaginn kvartaði ungur rithöfundur, Björg Magnúsdóttir, undan því að bækur hennar væru flokkaðar sem skvísúbækur og þar með óumflýjanlega gerðar að óáhugaverðu lestrarefni fyrir karlmenn. „Mér finnst alveg glatað að vera ung kona að skrifa um eigin veruleika og vera allt í einu komin með helmingi færri lesendur af því að ég er ekki með typpi. Það er ekkert réttlæti í því,“ sagði hún.

Í báðum þessum tilfellum, og fjölmörgum öðrum, veifa konur hugtökunum lýðræði og réttlæti þegar þær tala um skarðan hlut kvenna í því sem markvert þykir í bókmenntum, kvikmyndum og reyndar á mörgum öðrum sviðum líka. En er það réttlátt og lýðræðislegt að konur fái stærri skerf af umfjöllun og athygli en framlag þeirra gefur tilefni til? Er það sjálfsgöð krafa að allir hafi áhuga á því sem þær skrifa? Er ekki nóg komið af fórnarlambahugsuninni og þránni eftir viðurkenningu karlanna? Hendum þessum gömlu viðmiðum. Skrifum bækur og gerum kvikmyndir um það sem okkur konum finnst skipta máli og gefum skít í það hvort karlveldið samþykkir það sem „nógu merkilegt“. Konur eru rúmlega helmingur mannkyns og það sem þeim finnst áhugavert og merkilegt hlýtur að veða alveg jafn þungt og hvað hinum helmingnum finnst, hvað sem öllum verðlaunatilnefningum og skvísúbókaflokkunum líður.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen [olafur@frettabladid.is](mailto:olafur@frettabladid.is), Mikael Torfason [mikael@frettabladid.is](mailto:mikael@frettabladid.is) Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



## SÉRFRÆÐINGAR Í RAFBÍLUM

Hringdu í 490 9000 eða skráðu þig á [even.is](http://even.is)



HÖFÐATORGI | 105 REYKJAVÍK | S. 490 9000 | [EVEN@EVEN.IS](http://EVEN@EVEN.IS) | [EVEN.IS](http://EVEN.IS) | [TESLA.IS](http://TESLA.IS)

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Íslandsmet slegin hægri vinstri**  
Steingrímur J. Sigfússon, ræðukóngur Alþingis, raut þögnina um stóra frammí-kalla-málið í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni. Hann viðurkenndi að ekki hefði verið viðeigandi að segja háttvirtum þingmanni, Vigdís Hauksdóttur, að þegja. Hann greip þó líka tækifærið og benti á að Vigdís hefði kallað hátt í tíu sinnum fram í ræðu hans sem þá var orðin 55 mínútna löng. Fulltrúar meirihlutans á þingi hafa verið iðnir við að lýsa yfir metum í hinum og þessum málum á kjörtímabilinu og því ekki úr vegi að velja því fyrir sér hvort Vigdís eigi, með gjörningnum á miðvikudag, Íslandsmet í frammíköllum.



**Hissa á mótvindinum**  
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra lýsti sig hissa og undrandi á þeirri andstöðu sem skuldaniðurfellingarfrumvarp ríkisstjórnarinnar fékk hjá stjórnarandstöðunni á Alþingi. Sagði hann að skuldaniðurfellingin hefði aldrei verið ætluð öllum heimilum í landinu. Sé litið yfir kosningaloforð Framsóknarflokksins og orðalag forsætisráðherra í aðdraganda niðurfellingarinnar má þó skilja hvers vegna heimilin í landinu misskildu manninn. Sigmundur talaði nefnilega iðulega um leiðrétt-

ingu fyrir heimilin í landinu en sagði aldrei „Skuldaleiðrétting – fyrir sum heimili, ekki önnur“.

**Leiðrétting á leigumarkaði**  
Eiginmaður Eyglóar Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra greip tækifærið þegar opnað var fyrir umsóknir um skuldaniðurfellingingu og sótti um. Eygló hefur tjáð sig um það í viðtölum að fjölskyldan sé í ólugsjó leigumarkaðarins en svo virðist sem fjölskyldan sé ein þeirra fjölmörgu sem eiga rétt á niðurfellingingu. Eiginmaður Eyglóar sagði á Facebook: „Umsóknin mín um skuldaleiðréttingu var nr. 318“ og því er ljóst að þau hjónin voru meðal þeirra allra fyrstu til að taka þátt. [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)

### HALLDÓR



## Stór dagur fyrir heimilin

### FJÁRMÁL



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra

Í gær var opnað fyrir umsóknir um leiðréttingu á höfuðstólslækkun verðtrygðora lána vegna óvænts verðbólguáranna í kringum efnahagshrunið. Það er í samræmi við þau loforð sem Framsóknarflokkurinn gaf kjósendum sínum fyrir síðustu kosningar og í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta er stór dagur fyrir landsmenn en um 100 þúsund heimili geta nýtt sér þau skuldalækkunarúrræði sem nú standa til boða. Þar með er ljóst að ríkisstjórnin hefur staðið við það loforð sitt að setja fólk í landinu í forgang með því að leiðrétta forsendubrestinn sem yfir heimilin dundi við fall bankakerfisins, þegar hagvöxtur, kaupmáttur, atvinnuleysi og verðbólga fóru öll úr böndunum á sama tíma. Slíkt hefur ekki gerst áður í sama mæli í fyrri efnahagsþrengingum þjóðarinnar.

Skuldaleiðréttingin er réttlætisaðgerð en líka efnahagsleg aðgerð sem hefur, síðan hún kom fram í nóvember, hlotið jákvæðar umsagnir hjá erlendum aðilum sem horft er til í alþjóðlegu viðskiptalífi, eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og lánshefismatsfyrirtækjum, sem hafa hækkað lánshefismat Íslands í kjölfarið. Mikilvægast er þó að aðgerðirnar munu hafa mikil og jákvæð áhrif á skuldastöðu heimila í landinu og veita þannig heimilunum og þar með samfélaginu öllu öflugra viðspyrnu.

→ Þar með er ljóst að ríkisstjórnin hefur staðið við það loforð sitt að setja fólk í landinu í forgang með því að leiðrétta forsendubrestinn sem yfir heimilin dundi.

Samhliða þessum aðgerðum er unnið að mikilvægum breytingum á húsnæðislánakerfi landsmanna eins og félags- og húsnæðismálaráðherra kynnti fyrir skömmu. Breytingarnar eru m.a. til þess ætlaðar að bæta stöðu og kjör leigjenda og húsnæðissamvinnufélaga. Ríkisstjórnin hefur einnig samþykkt áætlun um framhald vinnu við afnám verðtryggingar á nýjum neytendalánum.

Á undanfögnu ári hefur efnahagur landsins batnað til mikilla muna. 4.000 ný störf hafa orðið til, hagvöxtur er meiri en hann hefur verið í fjölmörg ár, verðbólga er með allra minnsta móti og kaupmáttur eykst hraðar en í nokkru öðru Evrópulandi. Á aðeins einu ári hafa þar náðst gríðarlega mikilvægir áfangar í því þrjúþætta markmiði ríkisstjórnarinnar að vinna bug á tjóni fortíðar, koma í veg fyrir að slík áföll endurtaki sig og bæta kjör á Íslandi. Við getum því horft bjartsýn fram á veginn í aðdraganda 70 ára afmælis lýðveldisins.

# Á Íslendingaslóðum

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

Þjóðsögurnar gömlu byrja gjarnan á því að maður er að elta kindur upp á fjöll og villist, lendir í gjörningaböku og ráfar um kaldur og hrakinn. Ef hann er óheppinn hittir hann tröll sem annaðhvort sýður hann í potti og étur svo eða gerir hann að kynlífsþræl – nema hvort tveggja sé. Stundum kemst hann til byggða um síðir og „þótti fáskiptinn upp frá því“. Sé saudamaður hins vegar heppinn í þessum sögum verður á vegi hans mennskur maður – „mikill maður vexti“ búinn í gæru, og segir honum að fylgja sér; leiðir hann síðan út úr þokunni og í dal nokkurn mikinn og búsældarlegan þar sem ganga feitir sauðir og smjör drýpur af hverju strá. Í þessum dal, einhvers staðar lengst ket að snæða lyst sína af, vísar honum til sængur í góðu rúmi...

Þetta eru útilegumenn og iðulega endar saudamaður hjá þeim, giftist heimasætunni og á náðuga daga upp frá því. Þetta eru auðvitað hugarórar banhugraðs fólks. Í þessum gömlu sögum endurspeglar hinn gamli draumur íslensks alþýðufólks: að komast burt. Í þeim skilningi eru þessir útilegumenn ekki fólk sem var sent burt – heldur fólk sem komst burt.

Þegar maður kemur í Ísland

ingabyggðir í Kanada líður manni svolítið eins og saudamanninum í þjóðsögunum. Maður hefur gengið inn í aðra vídd og hittir þar skyndilega aðra tegund af Íslendingum; afkomendur þeirra sem fóru burt, og komust burt – hurfu inn í aðra vídd, en eru eigi að síður raunverulega til.

Þetta eru Kanadamenn en líka Íslendingar. Maður hittir hér afkomendur skálda eins og Stephans G. og Páls Ólafssonar og manni finnst sem maður komist í einhvers konar samband við þessi skáld og þeirra tíma – þeirra Ísland – og maður verður undarlega snortinn, eiginlega stjórnulostinn. Afkomandi Páls reyndist elskuleg kona sem heitir Lois, kölluð Lóa, og gott ef yfir henni var ekki einmitt sama dagnaðarfasíð og hjá lóunni hjá Páli. Afkomandi Stephans var dóttursonur hans og nafni sem var afar stoltur af afskri útgáfu ævisögu Stephans eftir Viðar Hreinsson sem hlotið hefur viðurkenningu hér í Kanada. Hann lítur út alveg eins og skáldið gamla og ekki hægt annað en að fara að þylja yfir honum: „Vinur aftansólar sértu / sonur morgunroðans vertu...“

Þetta fólk er að mörgu leyti ólíkt okkur sem komin erum af þeim sem eftir sátu. Það er skrafhreifið á ameríska vísu, ekki blaðskellandi en opið og afar vingjarnlegt; ekki til þumbarabragur á því. Einn heima maður, ættaður frá Vopnafirði, sagði mér að Vestur-Íslendingar séu alltaf að halda ræður, og ég gat frætt hann á því að þetta myndu vera afkomendur þeirra fjölmörgu Þingeyinga sem fóru vestur um haf. Sami maður lýsti fyrir mér þeim trega sem greip hann eitt sinn þegar hann heyrði íslenskar flugfreyjur tala saman um eitthvað

skemmtilegt, svona eins og íslenskar konur geta orðið skemmtilegar, og hann fékk einhvers konar hugljómun. Hann heyrði hversu fallegt málið var, hann heyrði músíkina í hljómfalli þess og hversu ljóðrænt og lifandi það myndi vera og hversu ánægjulegt væri að tala það; og hann fylltist trega yfir því að foreldrar hans skyldu aldrei hafa kennt honum íslensku því að hann skynjaði málið á einhvern máta í heilastöðvunum; hann fann eitthvað bærast inni í sér þegar hann hlustaði á málið. Ég hef hitt margt rosíð fólk hér í Winnipeg sem hefur svipaða sögu að segja; foreldrar þess – önnur kynslóðin – miðlaði ekki málinu. Það er lífsins gangur.

Treginn er aldrei alveg fjarri þrátt fyrir glaðværð og vingjarnlegt viðmót. Margar myndir eiga eftir að sitja í manni alla tíð: Fullur salur af Vestur-Íslendingum sem sitja í djúpri andakt og hlusta á Draumalandið eftir Sigfús Einarsson og Jón Trausta flutt af tenór-söngvara, sem reyndar er ekki af íslensku bergi brotinn en flutningurinn er innilegur og framburðinn lýtalaus. Sum raula lágt með, og líka í Svanurinn minn syngur eftir Kaldalóns og Höllu. Þetta er íslenskur tregi.

Hjá manni vaknar óljós tilfinning fyrir einhverju gömlu andspænis þessu fólk þrátt fyrir enskuna og kanadískt yfirbragð. Það hefur fengið í arf – og ávaxtað – menningu sem ríkti á Íslandi fyrir aldamótin 1900 og síðan runnið saman við viðhorf og aðferðir annarra þjóða í þeim mikla þjóðarpotti sem hér er. Við fengum þennan arf líka en hann rann saman við eitthvað allt annað hjá okkur. Það er eitthvað kunnuglegt við þetta fólk án þess að maður komi því beinlínis

fyrir sig; einhver strengur í því sem maður skynjar að kunnir að eiga sér samhljóm í manni sjálfum. Í hugarheimi þessa fólks er svæði helgað Íslandi – hugmyndinni um Ísland – þjóðrækninni sem manni beri að halda í heiðri – og þetta íslenska svæði er á vissan máta óumbreytanlegt og kyrrstætt. Þetta fólk hefur ákveðna mynd af landinu og þjóðinni, íslensku fjöllum og dölum – þar átti hún amma heima og þar eru helgistaðir í augum margra. Við

sem erum komin af þeim sem urðu eftir – við erum öðruvísi, við erum brynjaðri um sumt, sérstaklega Reykjavíkurfólkið sem er kaldranalegra og kaldhæðnara, jafnvel beiskara í garð landsins okkar og hins íslenska veruleika sem fyrir okkur er síbreytilegur og hverfull og endalaus þrasuppspretta. Fyrir mann sem kemur úr slíku umhverfi er mikil og holl reynsla að finna fólkskvalausa og djúpa og einlæga ást á því sem íslenskt er.



## Ársfundur 2014

Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 20. maí nk., kl. 16.00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.

### Dagskrá

1. Almenn ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og réttihafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík, 6. maí 2014  
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Hægt verður að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefsíðu sjóðsins, [lifeyrir.is](http://lifeyrir.is)

Ársskýrslu 2013 má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á [lifeyrir.is](http://lifeyrir.is)

Sundagörðum 2  
104 Reykjavík  
510 5000  
[lifeyrir.is](http://lifeyrir.is)



## Sjálfsprottna menningu. Ekki hótélæði

Það er varla ofsögum sagt að undanfarin ár hafi gengið yfir hálfgerð hótélæði í Reykjavík, því það virðist varla vera sá blettur í borginni, sérstaklega í miðbænum og í námunda Laugavegarins, sem ekki þarf að leggja undir hótél. Ekkert annað kemst að, og allra síst sjálfsprottna menning eða tónlistarlíf.

Hótélæðið hefur bitnað sérstaklega á ungum og efnilegum tónlistarmönnum. Ungir tónlistarmenn og allt tónlistaráhugafólk hefur þurft að horfa á eftir stöðum eins og Nasa, Hjartagarðinum og Faktorý.

Fljótt á lítið virðast staðir á borð við Hjartagarðinn, Nasa og Faktorý ekki hjarta menningarinnar í Reykjavík. En ég vil fullyrða að þeir hafa skipt sköpum fyrir ungt

MENNING



Ragnar Auðun Árnason  
frambjóðandi VG í Reykjavík og nemi

fólk og unga listamenn sem munu í framtíðinni vera leiðandi í menningarsköpun okkar. Ef ungt fólk á að geta blómstrað í Reykjavík þarf það að hafa staði til þess að prófa sig áfram, halda tónleika og hittast í lifandi umhverfi. Menning framtíðarinnar mun ekki þroskast í hótellobbýum eða í túristasjóppum.

Hugsunarhátturinn í borginni virðist vera sá sami og í annarri uppbyggingu hér á landi. Það er aldrei hugsað hverju við förnum. Það sama gildir um menningu borgarinnar og náttúru landsins: Jarðytum er sigað á allt sem stendur í vegi fyrir uppbyggingunni.

Að sjálfsögðu á að efla ferðaiðnaðinn, en þegar við rífum niður það sem ferðamennirnir koma til þess

að sjá og það sem gerir Ísland að því landi sem það er þá eyðileggjum við fyrir okkur sjálfum. Menningin og náttúrufergurinn er það sem dregur ferðamenn hingað, ekki hótélbyggingar.

Fyrir okkur, sem borg, skiptir þó mestu að við lokum ekki á möguleika ungmenna til þess að koma saman og tjá list sína. Við í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði viljum að miðbænum verði hlíft við frekari eyðileggingu vegna hótélæðisins. Þess í stað skuli gert meira til að efla sjálfsprottna menningu. Borgin þarf að leggja sitt af mörkum til þess að auðvelda ungum tónlistarmönnum og götu-listamönnum, listamönnum framtíðarinnar, að finna staði til að þróa list sína.

Aðeins þannig getur borgin haldið áfram að blómstra sem menningarborg!

## Þú færð landslagsráðgjöf og garðlausnir hjá okkur



Halla Hrund Pétursdóttir, landslagsarkitekt FÍLA, hjálpar þér við að skipuleggja garðinn þinn.

## Graníthellur

Steyrustöðin býður upp á mikið úrval af fallegum hellum og mynstursteypu fyrir heimili, garða, göngustiga og bílaplön.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

YFIR  
20  
TEGUNDIR  
AF HELLUM



STEYPUSTÖÐIN  
Sterkari lausnir

Skoðuðu úrvalið á [www.steyrustodin.is](http://www.steyrustodin.is)

Hringhellu 2  
221 Hafnarfjörður

Hrísmýri 8  
800 Selfoss

Malarhöfða 10  
110 Reykjavík

Berghólabraut 9  
230 Reykjanesbær

Sími 4 400 400  
[www.steyrustodin.is](http://www.steyrustodin.is)

+

Eiginkona mín og móðir okkar,  
dóttir og tengdadóttir,

**GUNNUR ELISA STEFÁNSDÓTTIR**  
til heimilis í Þverbrekku 2 í Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 10. maí. Útför hennar verður gerð frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 21. maí kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnst hennar er bent á styrktarsjóðinn fyrir börnin. Bankanúmer hans er 331-13-110606 og kt. 310380-4159.



**Davíð Karl Sigursveinsson og börnin Kristlaug Björg Sigurðardóttir og fjölskylda Stefán Ingólfsson og fjölskylda Símon Elí Teitsson og fjölskylda Gísli Ólafur Pétursson Ragna Freyja Karlsdóttir og fjölskylda.**

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ANNA MARGRÉT CORTES**  
Silfurteigi 6, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi, mánudaginn 12. maí, verður jarðsungen frá Laugarneskirkju miðvikudaginn 21. maí kl. 13.00.



**Björg Cortes Stefánsdóttir Halldór I. Eliasson**  
**Steinunn Guðbjörg Stefánsdóttir**  
**Stefán Valdimar Halldórsson**  
**Anna Margrét Halldórsdóttir**  
**Steinar Ingimar Halldórsson**  
**Halldór Alexander, Jökull Ari og Hugrún Eva Haraldsbörn.**  
**Haraldur Darri Þorvaldsson**  
**Xue Li**

**LEGSTEINAR**  
MIKIÐ ÚRVAL AF  
FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA

**Steinsmiðjan Mosaik**

Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - [www.mosaik.is](http://www.mosaik.is)



Nýtt á heimsvísu

**VARANLEGT LETUR**  
Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni

**Graníthöllin**  
Legsteinar [www.granithollin.is](http://www.granithollin.is)

Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði ☎ 555-3888



**ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA**  
Reynla - Umhyggja - Traust

**Elin Sigrún Jónsdóttir** framkvæmdastjóri  
**Ísleifur Jónsson** útfararstjóri

**Hugrún Jónsdóttir** útfararjónusta  
**Þorsteinn Elisson** útfararjónusta

**Frimann Andrésson** útfararjónusta  
**Ellert Ingason** útfararjónusta  
**Jón G. Bjarnason** útfararjónusta

**Þegar andlát ber að höndum**  
önnuast við alla þætti þjónustunnar  
Með virðingu og umhyggju að leiðarféði

Við þjónum allan sólarhringinn  
Vestarlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - [www.ulfocis.is](http://www.ulfocis.is)

**ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA**

## MERKISATBURÐIR

**1536** Anne Boleyn, önnur eiginkona Hinriks VIII. Englandskonungs, er tekin af lífi vegna hördóms.

**1604** Í Kanada er borgin Montreal stofnuð, þá sem Ville-Marie eða Borg Maríu en nafninu er síðar breytt.

**1875** Fyrsta sláttuvélin kemur til Íslands frá Noregi.

**1917** Eimskipafélag Íslands fær sitt þriðja skip og er það Lagarfoss.

**1933** Í Vestmannaeyjum ræðst æstur múgur inn í fangelsíð og leysir þar fanga úr haldi.

Síðar eru tíu manns dæmdir til fangelsisvistar fyrir tiltækið.

**1950** Þúsundir Reykvíkinga fagna Gullfossi, nýju farþegaskipi Eimskipafélagsins.

**1983** Geimskutlan Enterprise hefur viðkomu á Keflavíkflugvelli, borin af Boeing 747-þotu.

**1990** Í Laugardal í Reykjavík er opnaður nýr fjölskyldu- og húsdýragarður með tuttugu tegundir húsdýra, sjávardýra og villtra dýra. Meira en tíu þúsund gestir koma í garðinn fyrsta daginn.



# Lafði Macbeth of grimm á fastandi maga

Elín Ósk Óskarsdóttir syngur óperuaríur á hádegistónleikum Íslensku óperunnar í Hörpu á morgun. Yfirskrift tónleikanna er Á valdi örlaganna enda ein arían úr þeirri óperu Verdis.

Ég ætla að flytja stórbombur óperubókmenntanna, meðal annars aríur úr Don Carlos og Á valdi örlaganna eftir Verdi," segir Elín Ósk Óskarsdóttir sópransöngkona spurð hvað hún ætli að bjóða tónleikagestum upp á í Hörpu í hádeginu á morgun. „Svo er ég með fræga aríu úr Manon Lescaut eftir Puccini og fleiri aríur í þessum dúr.“

Elín Ósk vakti mikla athygli og var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir túlkun sína á Lafði Macbeth í óperunni Macbeth eftir Verdi hjá Íslensku óperunni en hún segist ætla að gefa lafðinni frí á morgun. „Hún er dálítið grimm svona í hádeginu," segir hún og hlær. „Allavega á fastandi maga.“

Spurð við hvað hún sé að fást þessa mánuðina segir Elín Ósk að hún sé í fullu starfi sem söngkona, enda hafi hún valið sér það sem lífsstarf og aldrei dottið í hug að draga þá ákvörðun til baka. Hún viðurkenn-

ir þó að það geti verið barningur að hafa í sig og á með söngnum en það hafi þó gengið upp hingað til.

„Ég nýti hvert tækifæri sem ég fæ í söng. Ég er fyrst og fremst óperusöngkona og tækifærin hér heima eru ekkert einstaklega mörg, sérstaklega ekki þegar maður hefur eins dramatíska rödd og ég. Hins vegar tek ég þátt í fullt af tónleikum, eða skipulegg þá sjálf ef því er að skipta og auk þess hef ég stjórnað Óperukórnum í Hafnarfirði, sem ég stofnaði, í þrettán ár.“

Elín Ósk segist ekki hafa nein niðurnegld verkefni erlendis eins og er, en það sé ýmislegt í deigluinni. „Þegar eitthvað dettur inn, hvort sem er hér heima eða erlendis, þá verður maður bara að vera tilbúinn.“

Tónleikarnir á morgun eru í Norðurljósasal Hörpu, hefjast klukkan 12.15 og það er Antonía Hevesi sem leikur undir á píanó.



**ELÍN ÓSK ÁSAMT ANTONÍU HEVESI** „Ég er fyrst og fremst óperusöngkona og tækifærin hér heima eru ekkert einstaklega mörg.“

## Skerðing sóknargjalda afdrifarík

Nýtt bindi sögu Dómkirkjunnar mun koma út í byrjun júní. Það er eftir séra Jakob Ágúst Hjálmarsson og nefnist Dómkirkjan í Reykjavík III, Á aldahvörfum.

„Hvatningin að þessari útgáfu var sú að áður hefur verið efnt ítarlega til sögu Dómkirkjunnar sem kom út 1996 og var rituð af séra Þóri Stephensen. Ég gat því haldið áfram þar sem frá var horfið," segir séra Jakob Ágúst Hjálmarsson sem skrjáð hefur sögu Dómkirkjunnar, þriðja bindi sem kemur út í byrjun júní. Meðal umfjöllunarefnis eru breytingin sem nýja safnaðarheimilið skapaði, 200 ára afmæli kirkjunnar 1996 og gagngerar endurbætur á kirkjunni um aldamótin.

„Okkur gafst tækifæri til að efla mjög allt safnaðarstarf um tíma en svo kom kreppan sem breytti því aftur. Þess vegna er myndin dálítið horfin sem verið er að lýsa í bókinni," segir séra Jakob Ágúst. Veigamikinn þátt í starfi Dómkirkjunnar á þessum tíma segir hann líknarstörf

og félagslegar aðgerðir, svo sem gegn atvinnuleysi og miðborgarvandamum sem Dómkirkjan tók á með KFUM og KFUK.

„Skerðing sóknargjalda um 40 prósent, sem varð í kjölfar kreppunnar, er alveg óskaplega afdrifaríkt högg fyrir söfnuði landsins og þeir sem voru komnir í skuldbindingar á þessum tíma eiga í miklum erfiðleikum. Ég tel að þetta sé helsti vandi þjóðkirkjunnar í dag og hans sér víða stað, í minnkuðu æskulýðsstarfi sérstaklega," segir séra Jakob Ágúst.

Dómkirkjan í Reykjavík III, Á aldahvörfum er 154 blaðsíður í pappírskilju, prýdd myndum og kemur út í áskrift. Eintökin verða númeruð eftir því sem áskriftarbeiðnir berast í tölvupósti til domkirkjan@domkirkjan.is. Eintakið mun kosta 5.000 krónur.



**FYRRVERANDI DÓMKIRKJUPRESTUR** Bókin spannar minn starfstíma við kirkjuna og tímann eftir að ég hætti 2007," segir séra Jakob Ágúst.

+

Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**PORKELL GUÐJÓNSSON**  
múrari,  
áður til heimilis að Jóruseli 9,

lést föstudaginn 9. maí. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 19. maí kl. 13.00.

**Bergsveinn Þorkelsson**  
**Guðjón Þorkelsson**  
**Ingibjörg Þorkelsdóttir**  
**Ása Þorkelsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Sigríður Jónatansdóttir**  
**Helga Sigurmundsdóttir**  
**Helgi Þórisson**  
**Jóhann Ásmundsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## VALD ÖRLAGANNA

Elin Ósk Óskarsdóttir sópransöngkona kemur fram á hádegistónleikum Íslensku óperunnar á morgun kl. 12.15 ásamt pianóleikaranum Antoníu Hevesi. Yfirskrift tónleikanna er Vald örlaganna. Fluttar verða áriur eftir Verdi, Catalani og Puccini. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis.

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



www.weber.is

# NÝTT OFNÆMISLYF Í LAUSASÖLU

**LYFIS KYNNIR** LYFIS heldur áfram að auka úrval lausasölulyfja á Íslandi. Nýjasta lyfið í lausasölu er ofnæmislyfið **Desloratadine ratiopharm** og er það eina ofnæmislyfið sinnar tegundar á Íslandi sem selt er án lyfseðils.

**D**esloratadine ratiopharm er ofnæmislyf sem veldur ekki syfju. Það hjálpar við að hafa hemil á ofnæmisviðbrögðum og einkennum þeirra með því að hindra verkun ofnæmisvakans histamíns. Desloratadine ratiopharm er fljótt að virka og verkun þess varir allan sólarhringinn, svo eingöngu er þörf á að taka það einu sinni á dag.

Lyf sem innihalda virka efnið desloratadín, eins og Desloratadine ratiopharm, hafa eingöngu verið fánleg gegn lyfseðli hingað til. Mismunandi er á milli einstaklinga hvaða ofnæmislyf hentar hverjum og því geta einstaklingar þurft að prófa sig áfram með hvaða hentar þeim. Desloratadine ratiopharm er nú nýr valkostur í lausasölu fyrir fólk sem hingað til hefur þurft að fá lyfið ávísað af lækni.

Eins og nafnið gefur til kynna er virka efnið desloratadín talsvert skylt efniú lóratadíni (innihaldsefni í meðal annars Loratadin LYFIS), en lóratadín er óvirkt efni sem umbreytist í líkamanum í virka efnið desloratadín. Með desloratadíni er búið að taka út umbreytingarskrefið úr óvirku efni í virka efnið. Desloratadine ratiopharm-munn-dreifitöflur leysast hratt upp í munninn eða maga.

Desloratadine ratiopharm er fánlegt án lyfseðils í 10 stk. og 30 stk. pakkningum og er ætlað fullorðnum og unglíngum eldri en 12 ára. Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má sjá hér á eftir.



**OFNÆMISKVEF  
OFSAKLÁÐI  
24 KLST. VERKUN**

**MEÐ TUTTI FRUTTI-BRAGÐI** Desloratadine ratiopharm eru litlar munn-dreifitöflur sem leysast hratt upp í munninn eða maga og má taka inn án þess að drekka vökva með, þó það henti engu að síður líka. Munn-dreifitöflurnar eru með tutti frutti-bragði og innihalda ekki laktósa.

## DREGUR ÚR EINKENNUM

Desloratadine ratiopharm er ætlað til að draga úr einkennum ofnæmiskvefs og einkennum ofsakláða

### OFNÆMISKVEF, EINKENNI

- hnerri
- nefrennsli og kláði í nefi
- kláði í efri gómi
- kláði í augum
- rauð eða társvot augu

### OFSAKLÁÐI, EINKENNI

- kláði
- ofsakláði
- Léttir þessara einkenna varir allan sólarhringinn.

**Notkunarsvið:** Desloratadine ratiopharm er ofnæmislyf. Það hjálpar við að hafa hemil á ofnæmisviðbrögðum og einkennum þeirra. Desloratadine ratiopharm er ætlað til að draga úr einkennum ofnæmiskvefs og úr einkennum ofsakláða. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir desloratadíni, einhverju öðru innihaldsefni lyfsins eða loratadíni. **Varúð:** Verkun og öryggi Desloratadine ratiopharm munn-dreifitöflna hefur ekki verið staðfest hjá börnum undir 12 ára aldri. Desloratadine ratiopharm ætti að nota með varúð þegar um er að ræða verulega skerta nýrnastarfsemi. Lyfið inniheldur aspartam og getur því verið skadlegt þeim sem eru með fenýlketónmigu. **Meðganga og brjóstgjöf:** Ekki er ráðlagt að nota Desloratadine ratiopharm á meðgöngu eða á meðan á brjóstgjöf stendur. **Skömmtn:** Fullorðnir og unglíngar (12 ára og eldri): ein 5 mg tafla einu sinni á dag. **Algengustu aukaverkanir:** þreyta, munnþurrkur og höfuðverkur. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: September 2013.

## ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ **TUDOR**



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



**SKORRI**

**TUDOR** SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMU **TUDOR**

GERÐU GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

## Mikið úrval af hægindastólum



Nýjar sendingar Nýtt útlit Komdu og prófaðu!

**BOAS hægindasófi** með leðri á slitflötum Verð aðeins kr. **189.900**

Litir: Dökkbrúnt og grátt

Verð aðeins kr. **109.900**

Litir: Dökkbrúnt og grátt

12 mán. vaxtalaugar greiðslur - 3.5% lántökugjald



Baldur:nesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Nýjar sendingar Nýtt útlit Komdu og prófaðu!

**Raf-lyfti-hvíldarstóll** með leðri á slitflötum Frábært fyrir fólk sem á erfitt með að standa upp



**Svefn & heilsa**

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldur:nesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

**NÝTT – NÝTT**  
**8 rétta**  
**hlaðborð í**  
**hádeginu**

**TILBOÐ**  
**KR. 1.390.-**

**OPIÐ KL. 11:00-14:00**  
**Hlaðborðið er alla virka daga.**  
**ekki um helgar.**

  
**Kinahofid**  
 NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022




**Skóðið úrvalið!**  
**Flottar kökur**  
**í afmælið**

- Dóra og Diego
- Skylanders
- Bratz
- Spiderman
- Star Wars
- Hulk
- Disney prinsessur
- Monster High
- Tísku Barbie
- Litla hafmeyjan
- Strumpanir og margt fleira



lönbú 2 Garðabæ 565 8070  
 okkarbakari.is  
 facebook.com/okkarbakari

Vissir þú að...  **Barnaheill**  
 Save the Children á Íslandi

Fórelrar bera megin ábyrgð á að stula að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

# SÆNSKT VOR Í ÞINGHOLTUNUM

**HEIMILI** Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur er laumuskógræktarbóndi. Í litla garðinum hennar í Þingholtunum blómstrar nú kirsuberjatré sem minnir hana á vorin í Svíþjóð og á svölunum stundar hún umfangsmikla trjárækt.

Ég kalla þetta sænsk-japanska hornið mitt,“ segir Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur en í litlum garði í Þingholtunum hefur hún ræktað upp fallegt kirsuberjatré sem blómstrar bleikum blómum á vorin. Tréð minnir hana á vorin í Svíþjóð.

„Ég hreifst af kirsuberjatrjám þegar ég bjó í Stokkhólmi, bæði sem ungur námsmaður og aftur á miðskeiði ævinnar en þar eru skörp skil milli árstíða. Vorið markast af mikilli blómasprengingu þegar öll ávaxtatrén blómstra, sem mér fannst alltaf yndislega fallegt að sjá. Það má segja að þetta sé mín endursköpun á sænsku vori,“ segir hún. „Það koma reyndar ekki æt ber á mitt tré en maður fær ekki allt.“

Kirsuberjatrénu plantaði Steinunn sjálf fyrir tólf árum. Hún er mikil áhugamanneskja um trjárækt og lætur það síður en svo stoppa sig þó hún býi í 101, heldur stundar umfangsmikla skógrækt á svölunum.

„Ætli ég sé ekki búin að koma upp um hundrað trjáplöntum gegnum tíðina á svölunum hjá mér en síðan ég var unglingur í skógrækt í Þverárhlið í Borgarfirði hef ég haft gaman af því að koma til trjám. Svo rakst ég eitt haust á mann í Óskjuhlíðinni sem var að safna fræjum af birkitrjám og fékk hann til að útskýra fyrir mér hvernig ætti að koma birkihríslum á legg upp af fræjum,“ segir Steinunn. „Ég verð honum ævinlega þakklát fyrir þau góðu ráð.“

Trjánun hefur Steinunn þó ekki getað plantað í eigin garð, þar sem hann þekur ekki marga fermetra. „Ég er bara á ferðinni með plönturnar í skottinu og pota þeim niður þar sem ég get. Ég gef þær líka eða fæ að stinga



**KIRSUBERJATRÉ Í 101** „Það koma reyndar ekki æt ber á mitt tré en maður fær ekki allt.“ Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur endurskapaði vorið í Stokkhólmi í garðinum sínum í Þingholtunum. MYND/GVA

þeim niður hjá vinum,“ segir hún spök. „Mér þykir ofboðslega vænt um garðinn minn þó lítill sé. Hér vaxa túlípánar, rósir og anímónur, eins og í ljóði Laxness. Hér ægir ýmsu saman og ég nýt þess

að fylgjast með garðinum lífna á vorin. Tegundirnar taka við sér á ólíkum tíma svo það er alltaf eitthvað að gerast og kirsuberjatréð ber blómin í allt að þrjár vikur, ef ekki blæs.“

## GÓÐ KAKA MEÐ KAFFINU

Þessi einfalda og gómsæta kaka er tilvalin til að koma samstarfsfólki skemmtilega á óvart og hafa hana með kaffinu einhvern daginn í vikunni.

**Það sem þarf:**  
 175 g sykur  
 175 g smjör  
 3 stór egg, hrærð  
 1½ tsk. lyftiduft  
 140 g hveiti  
 40 g kakó  
 2 msk. volg mjólk  
 2 msk. sjóðandi vatn

Bakið í 180°C heitum ofni í 20 til 25 mínútur. Kakan á að vera bökud í gegn. Gott er að setja sultu eða krem (eða bæði) á milli botnanna og krem á toppinn.

**Krem**  
 Bræðið saman 150 g af dökku súkkulaði og 150 ml af rjóma yfir vatnsbaði. Þegar allt er brætt saman, hrærið þá vel og látið standa og þykkna. Smyrjið svo yfir kökuna þegar hún hefur kólnað.



Hrærið saman sykur og smjör þar til blandan verður létt og ljós. Bætið hrærðu eggjunum smátt og smátt saman við blönduna og hrærið vel. Sigtuð kakóið, blandið því, ásamt hveiti og lyftidufti, við blönduna. Blandið mjólkinni og sjóðandi vatni við að lokum og hrærið vel. Smyrjið tvö 18 sentimetra hringlaga form og skiptið deiginu jafnt í þau.



# HELLULAGNIR

MÁNUDAGUR 19. MAÍ 2014

Kynningarblað Félag Skrúðgarðyrkjumeistara, Allraverk, Steypustöðin og BM-Vallá.

## Veljið fagmennsku við hellulagnir

Skrúðgarðyrkja er löggilt iðngrein. Hlutverk hennar er uppbygging, frágangur og umhirða opinna svæða. Til að fá fallega og endingargóða hellulögn borgar sig að versla strax við fagfólk sem býr yfir þekkingu og reynslu.


Skrúðgarðyrkjumeistarar sjá um plöntun og tyrfingu, grundun jarðvegs og frágang beða. Einnig allar tegundir yfirborðslagna, svo sem tröppur, kantsteina, hleðslur og hellulagnir. Hér beinum við sjónum okkar að þeim.

Allir geta ráðað hellum ofan á sand en til að fá endingargóða og fallega hellulögn þurfa menn að búa yfir þekkingu og reynslu.

Það getur sparað mikinn pening, og ekki síst ergelsi, að versla strax við fagmenn. Reynslan sýnir að oft og tíðum eru fagmenn ódýrari en fúskarar og ekki síst ef tillit er tekið til mögulegs sparnaðar við rétt mat á burðar- og frostþoli. Þá þarf góð hellulögn ekki viðgerðir sem geta verið afar kostnaðarsamar.

Höfundur er formaður Félags skrúðgarðyrkjumeistara, Þorkell Gunnarsson

Sjá nánar á [www.meistari.is](http://www.meistari.is)



Þorkell Gunnarsson er formaður Félags skrúðgarðyrkjumeistara.

### Margt hefur áhrif á gæði og endingu hellulagna. Þar á meðal:

- Burðargeta undirlags.
- Frostþol undirlags.
- Nákvæmni í uppúrtekt.
- Nákvæmni í útlögn undirlags og jöfnunarlags.
- Rakastig og þjöppun fylliefna.
- Efnasamsetning og kornadreifing undirlags og jöfnunarlags.
- Vinnubrögð við sléttun undir hellur.
- Hellutegundir og mynstur á lögn.
- Vinnubrögð við lögn hellna og bil á milli þeirra.
- Fúguefnið og vinnubrögð við fúgun.
- Frágangur á jöðrum og aðlögun að umhverfi.



Hér má sjá mynd af rétt unninni uppbyggingu á hellulögn. Neðst er undirlag (grús), þá kemur jöfnunarlag (sandur) og efst koma hellurnar.



HELLULÖGN

[www.meistari.is](http://www.meistari.is)



KANTSTEINN

[www.meistari.is](http://www.meistari.is)

Endilega skoðið heimasíðu okkar  
[www.meistari.is](http://www.meistari.is)

# Eldhúsgólfíð út í garð

Falleg hellulögn setur mikinn svip á garðinn og ekki alltaf nauðsynlegt að fara hefðbundnar leiðir. Rauður dregill heim að dyrum eða suðræn stemning í bakgarðinum getur bjargað sumrinu ef það rignir. Afganginn af eldhúsfliðunum má líka nota til að lífga upp á göngustígana.

## 1. Rauður dregill í garðinum

Hellur og steinar í afgerandi lit hressa heldur betur upp á lóðina. Það er líka skemmtilegt að geta gengið heim að húsi á rauðum dregli.



1

## 2. Suðræn verönd

Með því að láta steina standa örlítið upp úr yfirborðinu má skapa óslétt og náttúrulegt yfirborð á stéttina. Bakgarðurinn verður fyrir vikið eins og sælureitur í suðrænni borg.



2

## 3. Eldhúsgólfíð út í garð

Til að lífga upp á annars hefðbundna hellulögn mætti nota keramikflísar, jafnvel í lífflegum lit og leggja í steypuna. Tilvalið er að nota afgang frá því eldhúsgólfíð var flísalagt, líka þær sem brotnuðu.



3

## 4. Sveitastígur

Náttúrulegar steinhellur sem fá að sökkva svolítið í gróðurinn minna á gamla gönguleið í sveit.



4

## 5. Stiklað á steinum

Ef leggja á göngustíg yfir blettinn mætti brjóta upp hið hefðbundna form með því að nota skífulaga steina og stikla á steinum yfir flötina.



5

# Fagmenn í verkið

Allraverk ehf. tekur að sér hellulagnir og grjóthleðslur. Sömuleiðis gerð náttúrulega, gróðursetningu, útplöntun, trjáfellingar, trjáklippingar, gerð skjólveggja og palla, þökulagnir og garðslátt. Á síðustu árum hafa starfsmenn fyrirtækisins gert þó nokkrar náttúruleugar og fer þeim fjölgandi um allt landi.

Við erum jafnt í útboðsverkefnum fyrir stærri aðila og í minni verkefnum fyrir einstaklinga,“ segir skráðgarðyrkjumeistarinn og eigandinn Guðmundur Vignir Þórðarson. Hann útskrifaðist úr Garðyrkjuskólanum árið 2010 og úr Meistaraskólanum árið 2011. Guðmundur bendir á að Félag skráðgarðyrkjumeistara er meðlimur í Meistaradeild Samtaka iðnaðarins. Meistaradeildin heldur utan um ábyrgðasjóð sem tryggir neytendum vel unnin verk frá félagsmönnum sínum. „Það borgar sig því að fá fagmenn í verkið,“ segir Guðmundur.

Hann segir misjafnt hvað menn fara út í að loknu námi. „Sumir eru aðallega í gróður- og garðvinnu en við höfum svolítið sérhæft okkur í gerð náttúrulega meðfram öllu öðru. Þær er ýmist hægt að hlaða þar sem heitar uppsprettur er að finna eða hlaða og tengja eins og venjulega potta. Hvort tveggja hefur færst mjög í vöxt undanfarin ár,“ segir Guðmundur.

Hann hefur síðastliðin þrjú ár hlaðið fimm náttúruleugar og er jafnframt með nokkrar á teikni- og yfirborðinu. „Laugar eru ýmist steypar í grunninn og síðan hlaðnar eða hlaðnar beint ofan í leirjarðveg.“ Guðmundur segir grjótið oftast tínt í nágrenni laugarinnar. „Ég og samstarfsfélagi minn, Birgir Axelsson, hlóðum til dæmis stóra laug í Laugarfelli, við Laugarfells Highland Hostel rétt við Kárahnjúka. Við náðum í allt grjótið í hana úti á heidi. Þá gerðum við aðra á Barðaströnd. Grjótið í hana tíndum við úr gamalli skriðu í hlíðinni fyrir ofan laugina.“

Guðmundur segir steinana hand-



Hér má sjá Guðmund og Birgi við Laugarfellslaug sem þeir hlóðu í sameiningu og sýnishorn af öðrum verkum Allraverks ehf.

valda. Þeir eru svo högnir til með hamri og meitli. Í Laugarfellslaugina og hleðslurnar í kring fóru 250-300 tonn og tók verkefnið um hálf tónn. „Í Laugarfellslaugina er notað affallsvatn af hótelinu og bætt í úr nærliggjandi borholu en í lauginni á Barðaströnd er eingöngu notað uppsprettuvatn sem flæðir yfir og endurnýjast jafnóðum.“

Guðmundur segir vel hægt að hlaða laugar við sumarbústaði eða í heimagörðum og tengja eins og venjulega potta og er hann með þó nokkrar slíkar á teikni- og yfirborðinu.

Sem stendur vinnur Guðmundur að gerð miðbæjartorgs á Akranesi sem ráðgert er að verði tilbúið 10.

júní en að því verkefni koma fleiri félagar hans úr Garðyrkjuskólanum. „Í stærri verkefnum tökum við okkur oft saman til að hlutirnir gangi hraðar fyrir sig. Við komum líka hver öðrum til aðstoðar ef þarf í öðrum verkefnum þannig að allt gangi smurt. Þá er ég með smíði á mínum snærum sem ég kalla til ef þörf krefur.“

Verkefnið er sem fyrr segir fjölbreytt. „Allt frá jarðvinnu, í að móta lóðir og út í fínasta frágang eins og að setja niður blóm og gróður. Þá getum við komið og slegið og haldið svæðinu við sé þess óskað.“

Allar nánari upplýsingar er að finna á allraverk.is.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, 512-5429

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



## Hellulagnir eru vandaverk

### Fáið fagmenn í verkið



## LÓÐALAUSNIR

Ragnar Steinn Guðmundsson skráðgarðyrkjumeistari  
891-8733, lodalausnir@lodalausnir.is, www.lodalausnir.is

## Hellulagnir • Hleðslur • Jarðvinna



## STJÖRNUGARÐAR

Stjörnugarðar eru aðilar að Meistaradeild Samtaka iðnaðarins



Stjörnugarðar • Sími 698 0098  
stjornugardar@stjornugardar.is • www.stjornugardar.is

## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson  
Lögilltur  
fasteignasali  
Sími 897 8266

Sigurður Samúelsson  
Lögilltur  
fasteignasali  
Sími 896 2312

Sveinn Eyland  
Lögilltur  
fasteignasali  
Sími 690 0820

Íris Hall  
Lögilltur  
fasteignasali

Þórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Sími 770 0309

Kristberg Snjólfsson  
Sölufulltrúi  
Sími 892 1931

Eggert Mariússon  
Sölufulltrúi  
Sími 690 1472

Haraldur Ómarsson  
Sölufulltrúi  
sími 845 8286

Sigurður Fannar Guðmundsson  
Sölufulltrúi  
Sími 897 5930

Benedikt Ólafsson  
Sölufulltrúi  
Sími 661 7788

## 100% Þjónusta = árangur\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!



www.fasteignasalan.is

Elín Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali




### Melgerði 39

Opið hús þriðjudaginn 20. maí kl. 17:30-18:00

39,9m




Vantar eignir á skrá  
Fritt verðmat

- 5 herbergja hæð
- 125,4f m íbúð + 21,2 fm bílskúr
- Óskráð ca. 10 fm geymsla, samtals því 156,6 fm
- Yfirbyggðar svalir
- Þvottahús innan hæðar
- Endurnýjað eldhús
- Einstaklega vel við haldin eign
- LAUS VIÐ KAUPSAMNING

elin@fasteignasalan.is Sími: 695 8905

## Sumarhús stutt frá Apavatni

Fold fasteignasalan Fold  
kynnir: Fallegt sumarhús á  
5.000 fm eignarlandi ásamt  
tveimur geymsluskúrum á lóð  
í Lækjarhvammi í nánd við  
Apavatn.



Sumarbústaður við Apavatn er til sölu hjá Fold.

Gengið er inn í húsið að sunnanverðu. Þar er forstofa með fatahengi.

Snyrtilegt baðherbergi með sturtuklefa. Rúmgott svefnherbergi auk svefnlofts, en þaðan er útgengt á góðar suðursvalir.

Geymsla er innan bústaðarins og þar er tengi fyrir þvottavél.

Eldhúsið er með góðum, nýlegum tækjum.

Stofan er opin við eldhús og er einstaklega björt. Þaðan er gengið út á sólpall sem snýr í norður og austur en lítið mál er að tengja pall við annan sólpall sem er við sunnanvert húsið þar sem er heitur pottur og góður skjólveggur.

Að sögn seljanda hefur bústaðurinn fengið gott viðhald í

gegnum árin og nýlega er búið að leggja að og frá rotpró að nýju og einnig búið að girða meðfram lóðinni.

Tveir rúmlega 7 fm skúrar eru á lóðinni við hús, annar er nýlegur og með hita. Lítið mál er að tengja þá saman og útbúa gestahús. Við húsið vestanvert er svo laut með frístandandi sól-

palli og miklu túni sem mögulegt er að nýta fyrir tjöld og húsbíl.

Við lóðarmörk liggur á sem rennur út í Apavatn. Mikill og fallegur trjágróður er á lóðinni og langt er á milli bústaða. Fallegt hús í róandi umhverfi.

Nánari upplýsingar hjá Fasteignasölnunni Fold sími 552-1400.

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



# heimili

## FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
Lögg. fasteignasali



Finnþógi Hilmarsson  
Lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
Lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson  
Sölufulltrúi



Guðbjörg G. Blöndal  
Lögg. fasteignasali



Ásdís Írena Sigurðardóttir  
Skjalagerð



Brynjólfur Snorrason  
Sölufulltrúi



Finndu okkur á Facebook



**Glæsibær 1 - einbýli - Opið hús**  
Gott vel skipulagt 200 fm einbýli. Húsið er á einni hæð með innbyggðum bílskúr, sólstofu, sólpöllum og afgirtum garði. Húsið er skráð alls 198,4 fm. Íbúðarrými 146,2 fm, sólskáli 21,6 fm og bílskúr 30,6 fm. Fjögur góð svefnherbergi og þrjár stofur. Nýlegt þak. V. 57,0 m.  
Til sýnis á morgun þriðjudag kl 17:30-18:00



**Hólmvað - sérhæð**  
Vönduð 155 fm neðri sérhæð með bílskúr. Hæðin er 4ra - 5 herbergja og er á tveimur hæðum. Suður svalir og verönd í bakgarði. Gott skipulag og vandaðar innréttingar. Seljandi leitar sér að stærri eign í hverfinu.



**Grettisgata, 2-3 herbergja**  
Heimili kynnir 60,5 fm 2-3 herbergja íbúð á jarðhæð í 3-býli. Íbúðin og húsið þarfnast lagfæringar. Sérinnngangur. Ekkert áhvalandi. Laus strax við kaupsamning.  
Verð 18,9 millj.



**Burknavellir - 3ja herbergja**  
Heimili kynnir 85 fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinnngangi. Parket og flisar á gólfum. Þvottahús og geymsla innan íbúðar. Ekkert áhvalandi. Laus strax.  
Verð 22,9 millj.



**Strýtusel einbýli**  
Glæsilegt og mikið uppert einbýlishús inn í botlanga með innbyggðum bílskúr við Strýtusel 16 í Reykjavík. Húsið skiptist í 158,8 fm neðri hæð ásamt 38,4 fm innbyggðum bílskúr. Efri hæð er 107,7 fm. Samtals 304,9 fm. Frábær eign sem vert er að skoða. V.69,9m



**Haukdælbraut - Raðhús**  
Raðhús á tveimur hæðum á fallegum útsýnisstað í Grafarholti norðan Reykjavíks. Húsið er um 207 fm. Íbúðarrými 175 fm og innbyggður bílskúr 33 fm. Að auki er gluggalaust rými um 40 fm innan bílskúr sem gefur ýmsa möguleika. Vel skipulagt hús. Afhendist tilbúið til innréttinga fljótlega. V. 48,5 m.



**Ásgarður - Raðhús**  
Töluvert mikið endurnýjað 110 fm raðhús við Ásgarð. Húsið er á þrem hæðum og í því eru fjögur svefnherbergi auk útgrafsins rými í kjallara. Nýlegt eldhús og baðherbergi. Parket á gólfum. Endurnýjað rafmagn og frárennsli. Góður suður-sólpallur. V. 35,9 m



**Björtusalur - 4ra + bílsk.**  
Vönduð 150 fm íbúð á 2. hæð í litlu 5 íbúða fjölbýlishúsi. Húsið stendur á rólegum stað í enda botnlanga. Íbúðarrými er 124 fm og bílskúr 26 fm. Góð staðsetning nálægt skóla og íþróttastöðu. V. 39,9 m.



**Tröllakór - 4ra herb + bílageymsla**  
Góð 4ra herbergja 133fm endaíbúð ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Eignin skiptist í forstofu, sjónvarpshol, stofa og borðstofa mynda eitt stórt rými, eldhús með borðkrók. Hjónaherbergi með góðum skáp, tvö barnaherbergi með skápum. Baðherbergi með sturtu og baðkari. Þvottahús. Frábær fjölskylduíbúð. V.34,9m



**Sóltún - 5 herbergja.**  
5 herbergja endaíbúð á 5. hæð í 6 hæða lyftuhúsi. 4 svefnherbergi góðar svalir, sérinnngangur af svölum og mikið útsýni. Góð íbúð með mikla möguleika miðsvæðis í Reykjavík. Laus til afhendingar.



**Dalhús - Endaraðhús.**  
Vandað fullbúið 200 fm endaraðhús á rólegum stað efst í botnlanga. Húsið er á tveimur hæðum, 4 svefnherbergi, sólpallar, heitur pottur og hellulagðar stéttir og bílastæði. Gott skipulag, vandað innréttingar og gólfefni og mikið útsýni. Stutt er í skóla, íþróttastöðu og útiástöðu ásamt flestri þjónustu.

**Við leitum að Góð sala - Góð kjör**

Við leitum að til kaups fyrir ákveðna kaupendur.

4ra herb íbúð í Norðlingaholti Sérhæð í hverfi 105

4ra herb í Lindahverfi Kópavogi Sérbýli á Álftanesi

Nánari upplýsingar hjá Boga Péturssyni fasteignasala 6993444.



**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Elías Haraldsson**  
Lögg. fasteignasali  
elias@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**  
Sölumáður  
gjsti@fastmark.is



**Elín D. Wyszamirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Halveig Guðadóttir**  
Skrifstofustjóri  
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Skipholt – skrifstofuhúsnæði.



744,4 fermetra skrifstofuhúsnæði við Skipholt 70. Gengið er inn um sér inngang á neðri hæð hússins. Hæðin skiptist í fjölda afstúkaðra skrifstofa, lítið eldhús, opið vinnurými með eldhúsaðstöðu, salerni og veislusal með eldhúsi innaf. Innveggir eru flestir léttir og því væri hægt að opna hæðina meira og búa til stærri rými. Lóðin er frágengin með malbikudum bílastæðum og ágætri aðkomu. Staðsetning eignarinnar er góð miðsvæðis og liggur nærri stórum umferðaræð.

### Naustabryggja 55- Reykjavík. 4ra herbergja útsýnisíbúð.



**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15-17.45**

Glæsileg 112,9 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð með tvennum svölum og 20,5 fm. bílskúr með mikilli lofthæð í vönduðu húsi á sjávarkambinum í Bryggjuhverfinu. Íbúðin er öll hönnuð og innréttað eftir teikningum innanhússarkitekts og er mjög vönduð og falleg í alla staði. Stórar og miklar innréttingar í eldhúsi, sér þvottaherbergi innan íbúðar, vandað baðherbergi, extra háar innihurðir og frábært sjávarútsýni.

**Verð 37,9 millj.**

Íbúð merkt 0303. Verið velkomin.

### Syðri – Reykir, Biskupstungum.



54,4 fm. sumarbústaður á mjög grónu og kjarri vöxnu 2,888 ha. eignarlandi við Syðri- Reyki í Biskupstungum. Falleg fjallasýn m.a. sést til Hlíðufells og Bjarnarfells og allt að Jarlhettingum í Langfjökli. Brúará umlykur landið á þrjá vegu. Bústaðurinn er á einni hæð og skiptist í tvö herbergi, stofu, eldhús og baðherbergi. Rafmagn og nægt heitt vatn. 20% eignarhlutur fylgir í gesta- og baðhúsi og einnig 20% eignarhlutur í 67.112 fm. landi.

**Verð 15,9 millj.**

### Vættaborgir 86- Reykjavík. 3ja herbergja neðri hæð.



**Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag, frá kl. 17.30-18.00**

